


# LÖGMANNABLAÐIÐ

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS 1. TBL. 17. ÁRG. 2011



ÍSLENSKIR LÖGMENN Í  
BRESKU RÉTTARKERFI



AÐGÁT SKAL HÖFÐ



## Af vettvangi félagsins

Borgar Þór Einarsson: Leiðari	4
Ingimar Ingason: Áskorun til dómsmálaráðherra vegna fangelsismála	12
Brynjar Níelsson: Pistill formanns	18
Ingimar Ingason: Af vettvangi félagsins	29

## Umfjöllun

Lögmenn á skólabeck	8
Viðtal við Hafliða K. Lárusson: Íslenskir lögmenn í bresku réttarkerfi	16
Harpa Rún Glad: „Getur ólöglærður einstaklingur skilið lög?“	20
Eyrún Ingadóttir: Tímarit lögfræðinga á tímamótum	22

## Aðsent efni

Ingveldur Einarsdóttir: Aðgát skal höfð	6
Kristín Edwald: Um stórfellt gáleysi og sönnunarbyrði	14
Stefán Geir Þórisson: Dómur EFTA dómstólsins í máli nr. E-2/10	26
Ingólfur Kr. Magnússon: Deilt á hæfi dómarans -Leiðir þekking og reynsla til vanhæfis?	30

## Á léttum nótum

Skikkja Eggerts Claessen	23
Af Merði lögmanni	24

---

Lögmannafélag Íslands  
Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057  
Netfang: [lmfi@lmfi.is](mailto:lmfi@lmfi.is)  
Heimasíða: [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMADUR:  
Borgar Þór Einarsson

BLAÐAMADUR:  
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:  
Brynjar Níelsson hrl., formaður  
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl,  
varaformaður  
Jónas Þór Guðmundsson hrl, ritari  
Ólafur Eiríksson hrl., gjaldkeri  
Hörður Felix Harðarson hrl.,  
meðstjórnandi

STARFSMENN LMFÍ:  
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.  
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.  
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari

FORSÍÐUMYND:  
Eyrún Ingadóttir

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn  
kr. 2000,- + vsk.  
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:  
[ritstjori@lmfi.is](mailto:ritstjori@lmfi.is)

PRENTVINNSLA:  
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:  
Öflun ehf.  
Sími 533 4440  
ISSN 1670-2689

---



# MEISTARANÁM Í LÖGFRÆÐI

## VIÐ LAGAEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

- Rannsóknartengt 2ja ára meistaranám til ML-gráðu.
- Námið hentar ekki aðeins þeim einstaklingum sem lokið hafa grunnnámi í lögfræði heldur einnig þeim sem hafa háskólapróf í öðrum greinum.
- Nemendur sem hafa lokið grunnnámi í lögfræði geta lokið fullnaðarprófi í lögfræði með meistaranáminu.
- Markmið námsins er að þjálfa og hvetja nemendur til greinandi og gagnrýnnar hugsunar og vísindalegra vinnubragða.
- Einstaklingsbundin námsáætlun.
- Helstu einkenni námsins eru mikið val um áherslur og námsleiðir og margvíslegir möguleikar á sérhæfingu innan lögfræði og samþættingu við aðrar greinar.
- Gefinn er kostur á að ljúka meistaranámi á alþjóðasviði.

**Umsóknarfrestur um inngöngu í meistaranámið haustið 2011 er til og með 30. apríl.**

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um meistaranámið í kennsluskrá á vef lagadeildar Háskólans í Reykjavík: [www.lagadeild.is](http://www.lagadeild.is)

## YFIRLIT YFIR KJÖRGREINAR OG MÁLSTOFUR 2011–2013

### HAUSTÖNN 2011

KJÖRGREINAR/MÁLSTOFUR	KENningarAR
Advanced Legal English Afbrotufræði	Erlendína Kristjánsson Svala Ólafsdóttir
Alþjóðleg lausafjárkaup	Pórður S. Gunnarsson
Alþjóðlegur skattaréttur II	Gunnar Gunnarsson
Evrópuréttur II: Internal market	Gunnar Þór Pétursson
Fjarskiptaréttur	Sigurjón Ingvason og Jóhanna H. Halldórsdóttir
Gagnaöflun og málfutningur í einkamálum	Sigurður Tómas Magnússon og María Ellingsen
Lagakenningar	Davíð Þór Björgvinsson o.fl.
Lagasetning	Páll Þórhallsson
Mannréttindasáttmáli Evrópu	Oddný Mjöll Arnardóttir
Málstofa í hjúskapar- og sambúðarrétti	NN
Málstofa um alþjóðlega mannréttinda-vernd - jafnrétti og bann við mismunun	Oddný Mjöll Arnardóttir
Málstofa: Auðlindir og stjórnsýsla- frá hugmynd til framkvæmdar	Elin Smáradóttir, Kristín Haraldsdóttir o.fl.
Neytendamarkaðsréttur	Gísli Tryggvason
Sjó- og flutningaréttur	Einar Baldvin Axelsson
Stjórnhættir hlutafélaga	Jóhannes R. Jóhannsson
The Law of the Sea and Iceland's Fishing Limits Disputes	Guðni Th. Jóhannesson og Ruth Mackenzie
Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot I (fyrri hluti)	Garðar Víðir Gunnarsson
ML-ritgerð	Ýmsir

### HAUSTÖNN 2012

KJÖRGREINAR/MÁLSTOFUR	KENningarAR
Advanced Legal English Afbrotufræði	Erlendína Kristjánsson Svala Ólafsdóttir
Alþjóðaviðskipti Barnaréttur (Barnalög og barnaverndarlög)	Pórdís Ingadóttir og James H. Mathis Davíð Þór Björgvinsson
Evrópuréttur II: Internal market	Gunnar Þór Pétursson
Evrópuréttur IV/State Aid	Peter Chr. Dyrberg
Evrópskur félagaréttur	Hallgrímur Ásgeirsson
Gagnaöflun og málfutningur í einkamálum	Sigurður Tómas Magnússon og María Ellingsen
Hlutverk verjenda í opinberum málum	Björn L. Bergsson og Guðrún S. Arnardóttir
Málstofa í almannatryggingarétti	Ragnhildur Helgadóttir
Málstofa í bótarétti	Guðmundur Sigurðsson
Málstofa í fjölmiðlarétti	Páll Þórhallsson
Réttlætiskennningar	Stefán Einar Stefánsson
Stjórnhættir hlutafélaga	Jóhannes R. Jóhannsson
Skuldaskiláréttur	Steinunn H. Guðbjartsdóttir og Valgerður Dis Valdimarsdóttir
Mannréttindasáttmáli Evrópu	Oddný Mjöll Arnardóttir
Málstofa um alþjóðlega mannréttindavernd	Oddný Mjöll Arnardóttir
Stjórnsýsluréttur II	Margrét Vala Kristjánsdóttir
The Philip C. Jessup International Law Moot Court Competition I (fyrri hluti)	Pórdís Ingadóttir
Umhverfisréttur	Kristín Linda Árnadóttir o.fl.
ML-ritgerð	Ýmsir

### VORÖNN 2012

KJÖRGREINAR/MÁLSTOFUR	KENningarAR
Alþjóðlegur einkamálaréttur, lagaskil á sviði samningaréttar	Herdís Hallmarsdóttir o.fl.
Alþjóðlegur refsiréttur	Pórdís Ingadóttir
Auðgunar- og efnahagsbrot	Sigurður Tómas Magnússon og Björn Þorvaldsson
Auðlindaréttur	Kristín Haraldsdóttir
EU Constitutional Law	Gunnar Þór Pétursson
Evrópuréttur á sviði fjármálaþjónustu	Hallgrímur Ásgeirsson
Hagnýtur samningaréttur	Pórður S. Gunnarsson og Aðalsteinn Leifsson
Heilbrigðisréttur	Dögg Pálsdóttir
Hlutverk verjenda í opinberum málum	Björn L. Bergsson og Guðrún S. Arnardóttir
International and European Energy Law - íslenskur orkuréttur	Dirk Buschle og Kristín Haraldsdóttir
Kaup á fyrirtækjum/samruni - áreiðanleikakannanir	Ólafur F. Haraldsson, Garðar G. Gíslason og Kristín Edwald
Málstofa I í stjórnsýslurétti	Margrét Vala Kristjánsdóttir o.fl.
Málstofa í stjórnskipunarrétti og stjórnskipunarsögu	Ragnhildur Helgadóttir og Guðni Th. Jóhannesson
Málstofa um evrópskan samningarétt	Matthías G. Pálsson
Réttarsaga	Ragnhildur Helgadóttir og Guðni Th. Jóhannesson
Réttarsálfræði	Jón F. Sigurðsson og Gísli H. Guðjónsson
Skuldaskiláréttur	Steinunn H. Guðbjartsdóttir og Valgerður Dis Valdimarsdóttir
Starfsemi fjármálaþjónustufyrirtækja	Aðalsteinn E. Jónasson
Starfsemi lífeyrissjóða, verðbréfa- og fagfjárfestisjóða	Tómas N. Möller
Verktaka- og útboðsréttur	Erlendur Gíslason og Othar Örn Petersen
Vörumerkjarettur	Ásdís Magnúsdóttir
Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot II (síðari hluti)	Garðar Víðir Gunnarsson
ML-ritgerð	Ýmsir

### VORÖNN 2013

KJÖRGREINAR/MÁLSTOFUR	KENningarAR
Alþjóðadómstólar og friðsamlegar úrlausnir deilumála	Pórdís Ingadóttir og Ruth Mackenzie
Alþjóðlegir og innlendir fjármögnunarsamningar	Guðmundur Ingvi Sigurðsson
Alþjóðlegur skattaréttur I	Gunnar Gunnarsson
Auðgunar- og efnahagsbrot	Sigurður Tómas Magnússon og Björn Þorvaldsson
Bandarísk réttarsaga, réttarkerfi og lög	Steinn Jóhannesson og Drew Prisner
Comparative law	Milosz Hodun
Evrópskur fjölmiðlaréttur	Páll Þórhallsson
Evrópskur lyfjaréttur	Gunnar Þór Pétursson
Evrópskur verðbréfamarkaðsréttur	Hallgrímur Ásgeirsson
Hagnýt réttarheimspeki	Davíð Þór Björgvinsson
Hagnýtur samningaréttur	Pórður S. Gunnarsson og Aðalsteinn Leifsson
International and European Energy Law - íslenskur orkuréttur	Dirk Buschle og Kristín Haraldsdóttir
Málstofa um evrópskan samningarétt	Matthías G. Pálsson
Málstofa um hugverkasamninga	Hafiði Kr. Lárusson
Ofbeldis- og fíkniefnabrot	Svala Ólafsdóttir
The Philip C. Jessup Intern. Law Moot Court Competition II (síðari hluti)	Pórdís Ingadóttir
Vátryggingaréttur	Póra Hallgrímsdóttir
ML-ritgerð	Ýmsir



# EINN TVÖFALDAN LATTÉ, TAKK

LÖGFRÆÐI NÝTUR MIKILLAR hylli sem marka má ásókn í lögfræðináám í háskólum landsins. Fjöldi þeirra sem útskrifast með gráðu í lögfræði á hverju ári er slíkur að hinar svonefndu samanburðarþjóðir Íslendinga væru full sæmdar af - og er þá ekki miðað höfðatöluna títtnefndu. Samhliða þessu hefur fjölgun lögmanna verið hröð og bólgnar félagatalið út með hverju námskeiði sem haldið er til öflunar lögmansréttinda.

Fyrir þeirri hylli sem laganám og lögmennska nýtur um þessar mundir eru eflaust æði margar og mismundandi ástæður. Pungt hlýtur þó að vega sú staðreynd að mjög hefur komið til kasta lögmanna og lögfræðinga við úrlausn mála vegna bankahrunsins. Verkefnið eru bæði mörg og stór og því hefur reynst full þörf á öllum tiltækum mannafla. Að

greiða úr málum í kjölfar bankahrunsins er þó vonandi ekki eilífðarverkefni, þótt eflaust gætu einhverjir daðrað við þá tilhugsun. Við blasir að í fyrirsjáanlegri framtíð munu fleiri lögmenn verða um hituna og þá mjög sennilega um færri og minni verkefni.

Samkeppni í lögmennastéttinni er nú þegar mikil og góð og hún mun aukast enn frekar. Það ætti að hafa í för með sér að gæði þeirrar þjónustu sem íslenskir lögmenn veita mun aukast enn frekar. Á hinn bóginn munu færri verkefni leiða til þess að lögmennsstofur og aðrir þeir sem nýta starfskrafta lögmanna og lögfræðinga munu í auknum mæli halda að sér höndum hvað varðar mannráðningar - á sama tíma og stærstu útskriftarárgangar lögfræðinga koma út á vinnumarkaðinn. Vissulega er hægt að vona að efnahagslífið taki

löngu tímabæran kipp, að fjárfestingar aukist með tilheyrandi verðmætasköpun og hagvexti. Að óbreyttu er hins vegar fátt sem bendir til þess.

Síðbúin fjöldahylli laganáms mun þannig að líkindum leiða til þess að atvinnuleysi meðal íslenskra lögfræðinga verði nokkuð. Þessi þróun hefur þegar átt sér stað annars staðar, t.a.m. í Bandaríkjunum, þar sem þrengingar á vinnumarkaði fyrir lögfræðinga eru töluverðar í kjölfar fjármálakreppunnar. Í gamni og alvöru er spurt þar vestra: „Hvað segirðu við nýútskrifaðan lögfræðing?“ Yfirskrift þessa pistils er svarið við þeirri spurningu.



**CREDITINFO**  
- forskot í krafti þekkingar



## Hver ávaxtar peningana þína?

Íslensk verðbréf eru sjálfstætt og sérhæft eignastýringarfyrtæki sem þjónað hefur einstaklingum og fagfjárfestum frá árinu 1987.

Íslensk verðbréf eru staðsett á Akureyri og jafnframt með skrifstofu að Sigtúni 42 í Reykjavík sem þjónar viðskiptavinum félagsins á höfuðborgarsvæðinu og víðar.

Leitar þú að traustum og óháðum aðila til að ávaxta fjármuni þína?

*Kynntu þér málið á [www.iv.is](http://www.iv.is) eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700.*

Við öflum fyrir þig



ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Strandgata 3 600 Akureyri | Sigtún 42 105 Reykjavík  
Sími: 460 4700 | [www.iv.is](http://www.iv.is) | [iv@iv.is](mailto:iv@iv.is)



## Aðgát skal höfð

ÁLAG Á DÓMSTÓLA landsins vegna aukins málafjölda og þyngri mála sem þangað berast, hefur sjaldan verið eins mikið og nú. Dómstólar eru meira í brennidepli nú en nokkru sinni fyrr og hefur því álag á dómara vegna síaukinnar umfjöllunar um dóma þeirra aukist að sama skapi. Gagnrýni á dómsúrlausnir er þó ávallt af hinu góða, ef hún er málefnaleg og leiðir til vitrænnar umræðu.

Stundum hafa birst á opinberum vettvangi ummæli aðila máls eða aðstandenda þeirra um dómsúrlausnir í kjölfar dóms, þegar niðurstaða dómsins kemur á óvart og stendur ekki undir væntingum þeirra. Slík ummæli eru skiljanleg.

Erfiðara er fyrir dómara að skilja ummæli sem lögmenn láta falla á opinberum vettvangi um dómarana sjálfa og eru svo miskunnarlaus og óvægin að eftir er tekið. Slík ummæli eru fátíð, en hafa þó að undanförnu gerst æ fyrirferðarmeiri í fjöl- og netmiðlum landsins. Kann þar að ráða nokkru hversu mikla umfjöllun dómsmál fá í opinberri umræðu, en skýringin gæti

einnig verið sú að dómara hafa ekki haft fyrir sið að svara fyrir sig þegar dómsúrlausnir eru gagnrýndar. Stafar sú hlédrægni af því að dómurum ber að gæta hlutleysis í dómstörfum.

Í þeirri persónulegu gagnrýni á dómarana sjálfa sem birst hefur að undanförnu í fjöl- og netmiðlum, felst ekki málefnaleg gagnrýni á dómsúrlausnina sjálfa, heldur eru dómaramir sjálfir gerðir að blóraböggli. Þeim eru gerðar upp stjórnmalalegar skoðanir, þeir eru á ómálefnalegan hátt dregnir í dilka og berlega gefið í skyn að þeir séu ekki starfi sínu vaxnir. Fáir lögmenn láta slíka gagnrýni frá sér, en þeir fáu sem það gera, fá mikla athygli í fjölmiðlum. Þeir vita örugglega að ómögulegt er fyrir dómara að svara slíkri gagnrýni. Þess vegna er slík gagnrýni ekki stórmannleg og grefur undan því trausti sem ríkja verður milli lögmanna og dómara.

Lögmenn vita betur en flestir að í dómi felst ekki persónuleg skoðun eða álit dómarsins, heldur einvörðungu túlkun dómara á lögum. Þeir þurfa því ávallt að spyrja sig, áður en þeir láta hafa eftir sér persónulega gagnrýni á dómara,

hverjum slík gagnrýni þjóni. Varla þjónar slík gagnrýni aðilum málsins, því hún skýrir ekki niðurstöðu dómsins. Varla þjónar hún heldur lögmanninum sjálfum og ekki þjónar hún réttarríkinu. Slík gagnrýni er fremur til þess fallin að grafa undan réttarríkinu. Hún rýrir traust almennings á dómstólum landsins, sem svo nauðsynlegt er að ríki nú, þegar til dómstólanna berast æ fleiri mál, sem rekja má til hruns íslensks efnahagskerfis og traust almennings á stofnunum ríkisvaldsins er í algeru lágmarki.

Lögmenn og dómara eru þjónar réttarins, samherjar, ekki andstæðingar. Á milli þeirra á að ríkja traust og hlutverk þeirra beggja er að gæta að réttaröryggi borgaranna. Það verður ekki gert með gífuryrðum um dómara á opinberum vettvangi.



Með lögum skal land byggja  
– okkar hlutverk er að tryggja.

## Starfsábyrgðartrygging VÍS

VÍS býður lögbundna starfsábyrgðartryggingu auk annarra trygginga sem henta starfsemi lögfræðinga. Einnig býður VÍS fjölbreytt úrval trygginga fyrir einstaklinga og hvers kyns fyrirtæki.

Pú færð nánari upplýsingar á næstu þjónustuskrifstofu eða hjá þjónustuveri VÍS í síma 560 5000.

# Lögmenn á skólabeck

ÞAÐ VERÐUR SÍFELLT algengara að lögmenn og útskrifaðir lögfræðingar sækji sér framhaldsmenntun en samkvæmt könnun Lögmannaþaðsins árið 2009, sem 377 lögmenn (51,8%) svöruðu af 727, hafði þriðjungur stundað framhaldsnám að loknu embættisprófi í lögfræði. Þegar tölur eru skoðaðar nánar kemur í ljós að rúmur helmingur lögmanna með 5-10 ára starfsreynslu hafði farið í framhaldsnám en tæplega fjórðungur lögmanna með yfir 20 ára starfsreynslu. Langflestir þeirra sem höfðu farið í meira nám, eða 61%, hafði lokið LL.M námi og 14% hafði lokið námi í verðbréfamiðlun.

Lögmannaþaðið ræddi við nokkra lögmenn um reynslu þeirra af framhaldsmenntun og hvort hún hefði nýst í lögmennskunni. Eins var rætt við forseta lagadeilda um hvort og þá hvaða framhaldsnám háskólarnir væru að bjóða upp á fyrir lögmenn.

## KÖNNUN UM FRAMHALDSNÁM LÖGMANNA

Hefur þú stundað framhaldsnám eftir embættispróf í lögfræði?	Lögmenn á stofum	Innanhús-lögmenn	Samtals
a) Já	( 32%) 76	(35%) 47	(33%) 123
b) Nei	(68%) 161	(65%) 88	(67%) 249
<b>Samtals</b>	<b>(100%) 237</b>	<b>(100%) 135</b>	<b>(100%) 372</b>

Hvaða framhaldsnámi hefur þú lokið?*	Sjálfstætt starfandi lögmenn	Fulltrúar	Innanhús-lögmenn	Samtals
a) LL.M	34	8	26	68
b) MBA	3	0	7	10
c) Verðbréfamiðlun	8	1	14	23
d) Master í öðru en lögum	4	0	3	7
e) Annað**	11	0	8	19
<b>Samtals</b>	<b>60</b>	<b>9</b>	<b>58</b>	<b>127</b>

\*Lögmenn gátu merkt við fleiri en einn möguleika

\*\*Annað er t.d. ástundun framhaldsnáms án prófs, diplómanám og viðskiptatengt nám  
Könnunin var gerð fyrir Lögmannaþaðið 2009



### Nemendur teknir á grillið í rökræðum

Að loknu embættisprófi við lagadeild Háskóla Íslands árið 1982 fór Þórunn Guðmundsdóttir hjá Lex lögmennsstofu í LL.M til Bandaríkjanna.

Cornell University er einn af þessum gömlu háskólum á austurströndinni en ég fór út strax í ágúst að loknu embættisprófi. Eftir á að hyggja þá hefði ég þó átt að vinna örlítið áður.

Var algengt að nýútskrifaðir lögfræðingar færu í framhaldsnám á þessum tíma?

Nei. Reyndar má geta þess að þetta haust fórum við þrjár vestur í framhaldsnám í lögfræði, sem var mjög óvanalegt. Ég var alltaf harðákveðin í að fara í framhaldsnám til Bandaríkjanna en það var hrikalega dýrt. Ég ætlaði upphaflega í LL.M með samningarétt sem aðalfag en ég endaði með að taka fleiri einingar um tjáningarfrelsið í sinni víðustu mynd og skrifaði lokaritgerðina mína á því réttarsviði.

### Hefur framhaldsnámið nýst í lögmennsku?

Já og þetta er eitt af því besta sem ég hef gert í lífinu. Að búa erlendis og fá allt aðra nálgun á lögin en var við lagadeildina hér heima víkkaði sjóndeildarhringinn. Þar var hin svokallaða „Socrates method“ stunduð. Hún

gekk út á það að æfa fólk í rökræðum og í hverri einustu kennslustund tóku prófessorar nemendur á grillið. Ég var skelfingu lostin þegar ég byrjaði og las vel undir tíma. Þetta nám hefur nýst afskaplega vel og ég tala nú ekki um að hafa tileinkað sér enskt lagamál.

Telur þú að kröfur um framhaldsmenntun sé almennt að aukast í lögmennsku?

Já, það er mjög ánægjulegt hvað það er að verða algengt.





## Erfitt en skemmtilegt

Viðar Lúðvíksson hjá Landslögum lauk hdl. árið 1998 og hrl. árið 2004. Haustið 2006 tóku þau Borghildur

Erlingsdóttir, eiginkona hans, sig upp fluttu til Kaliforníu þar sem þau fóru í LL.M nám í Stanford Law School.

Af hverju valdir þú að fara í Stanford Law School?

Skólinn þykir góður en lagadeildin er tiltölulega smá í sniðum og þægileg. Þeir stærðu sig af góðu aðgengi að próffessorum og fjölskylduvænni aðstöðu. Ekki skemmdi svo fyrir að skólinn er staðsettur í Kaliforníu.

Nú varst þú búinn að starfa í lögmennsku í átta ár, stóð alltaf til að fara í framhaldsnám?

Nei, ekkert frekar. Það var gríðarlegt fyrirtæki að rífa sig úr vinnu og fara út með þrjú börn en við ákváðum að láta slag standa. Borghildur tók LL.M í hugverkarétti á sama tíma og ég var í félagagögn og fjármálarétti. Við vorum hins vegar svo heppin að mamma mín kom með okkur til að sjá um heimilið og börnin. Þetta hefði í raun ekki verið hægt öðruvísi. Pabbi minn var hins vegar skilinn eftir á Íslandi með örbylgjuofn og pylsupakka.

Nýttist framhaldsnámið vel í lögmennsstörfunum?

Já, það hefur gert það, bæði beint og óbeint. Það hljómar auðvitað eins og klisja, en það er ekki síst þankagangurinn sem breytist og maður fær nýtt sjónarhorn. Eftir bankahrunið hefur stærstur hluti minnar vinnu verið á ensku og það hefur gagnast mér að hafa lært í Bandaríkjunum og kynnst réttarkerfinu þar.

Telur þú að kröfur um framhaldsmenntun sé almennt að aukast í lögmennsku?

Ég er ekki viss um það. Menn verða ekki endilega góðir lögmenn við að fara í framhaldsnám. Ég mæli hins vegar með því ef fólk hefur tök á. Þetta var

erfitt, dýrt og tímafrekt nám, en maður fékk heilmikið á móti. Svo var þetta góður tími hjá fjölskyldunni sem við eigum góðar minningar frá.



## Hagfræðin hefur nýst einna best

Katrín Helga Hallgrímsdóttir hjá BBA//legal fór í hagfræði meðfram laganáminu, lauk embættisprófi 2001 og BA prófi í hagfræði 2003. Hún fékk hdl. réttindi 2002 og fór síðan til Chicago og lauk LL.M námi frá University of Chicago 2005. Í framhaldinu tók hún próf til að öðlast málflytningsréttindi í New York.

Af hverju valdir þú að taka hagfræði með laganáminu?

Ég hafði alltaf áhuga á að fara í hagfræði og í upphafi valdi ég á milli þessara tveggja greina. Laganámið eftir jól á fyrsta árinu var frekar auðvelt svo mér fannst nógur tími til að taka kúrs í hagfræði með. Ég hélt svo áfram að taka kúrsa þar enda var það skemmtileg og gagnleg viðbót við lögfræðina.

Hvað kom til þú tókst próf til að öðlast málflytningsréttindi í New York?

Það lá eiginlega beint við eftir LL.M námið í Chicago en það tók einungis tvo mánuði að fara á námskeið og taka prófið.

Hvað af þínu framhaldsnámi hefur nýst best í lögmennsku?

Mér finnst hagfræðin hafa nýst mér einna best af þessu öllu saman. Það að hafa farið erlendis í nám er reynsla sem nýttist einnig mjög vel. Námið frá Bandaríkjunum og málflytningsréttindin í NY nýttast mér ekki beint í daglegum störfum en eru meira eins og gæðastimpill. Það skiptir máli gagnvart erlendum viðskiptavinum að hafa þá menntun en ég hef ekki verið að flytja mál í NY.

Telur þú að kröfur um framhaldsmenntun sé almennt að aukast í lögmennsku?

Já það finnst mér. Þetta er partur af almennri þróun að það eru gerðar meiri

kröfur til náms. Fyrir fáum árum þótti gott að vera með BA/BS nú fara mjög margir í master og þeir sem vilja skara framúr fara í meira nám. Þegar við ráðum unga lögfræðinga til starfa á BBA//legal þá horfum við á hvaða framtíðaráform þeir hafa og metnað.



## Góður kostur fyrir starfandi lögmenn

Ingi B. Poulsen hjá FAKTUM lögmönnum stundar LL.M nám í auðlindarétti og

alþjóðlegum umhverfisrétti við Háskóla Íslands meðfram lögmennsstörfum en hann varð hdl. árið 2008.

Af hverju valdir þú að fara í LL.M nám á Íslandi?

Áður en ég hóf námið árið 2009 skoðaði ég ýmsa kosti. Mig langaði til að læra meira en var ekki tilbúinn til að rífa upp ræturnar og flytjast búferlum. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á umhverfisrétti svo þetta lá beint við. Ég hef líka fulla trú á að lagadeild HÍ jafnist á við góðar lagadeildir í háskólum nágrannaríkjanna og ekki skemmir fyrir að kostnaðurinn við námið er sama og enginn í samanburði við aðra valkosti. Námið er skipulagt í alþjóðlegu tilliti, öll kennsla fer fram á ensku og flestir nemenda koma erlendis frá. Á sama tíma er bein staðbundin skírskotun í náminu, enda tekur kennslan yfirleitt mið af íslenskum veruleika og íslenskt lagaumhverfi og sjónarmið eru samanburðurinn við það sem við þekkjum frá Evrópu og í alþjóðlegu samhengi. Það gerir námið sérstaklega raunhæft fyrir íslenska lögfræðinga sem er mikill kostur. Ég er í raun mjög hissa á því hve fáir samnemenda minna eru íslenskir en við erum tveir auk fimm lögfræðinga og lögmanna sem koma víðsvegar að. Þetta er í reynd mjög heillandi kostur, sér í lagi fyrir starfandi lögmenn sem geta þá sinnt störfum að fullu meðfram náminu.

Hvað hyggst þú taka námið á löngum tíma?

LL.M námið telur þrjár annir eða eitt og hálf ár miðað við fullt nám. Hins vegar er námið sniðið að þörfum starfandi

lögfræðinga og því eru gefin þrjú ár til að klára námið. Ég tek það á þeim tíma.

### Hvernig gengur að samræma námið og lögmannsstörfin?

Það gengur ágætlega en kallar auðvitað á skipulag og aga. Lögmennskan býður upp á óstöðugt vinnuumhverfi og dagatalið er oftast en ekki ófyrirsjáanlegt. Ég á því erfitt með að mæta alltaf í kennslustundir enda þarf námið að víkja fyrir starfinu. Hjá mér er þetta mikið sjálfsnám sem ég stunda heima að vinnudegi loknum.

### Nýttist námið í lögmannsstörfunum?

Það er ekki spurning. Öll akademísk þjálfun skilar sér í betri vinnubrögðum og dýpri skilningi á aðferðafræði lögfræðinnar. Þess utan fæ ég meiri innsýn og þekkingu á hverjum þeim málaflokki sem ég fæst við í náminu. Svo er ekki verra að þjálfast upp í lagaenskunni.

### Telur þú að krafan um framhaldsmenntun sé almennt að aukast í lögmenntu?

Já, hún er sífellt að aukast. Atvinnu- markaðurinn verður stöðugt flóknari og gerir um leið sífellt meiri kröfu um sérhæfingu, það er þróunin jafnt hér sem erlendis. Á sama tíma hafa hin hefðbundnu lögmannsstörf breyst að stórum hluta og bjóða upp á mun meiri sérhæfingu en áður. Stéttin hefur líka stækkað og störfin þróast og orðið sérhæfðari í samræmi við það.



### Þverfaglegt nám og LL.M í auðlinda- og alþjóðlegum umhverfissrétti

Róbert R. Spanó, prófessor og forseti

lagadeildar Háskóla Íslands, segir nokkuð um að lögmenn og lögfræðingar sækja einstök námskeið við háskólann.

Lögfræðingar með embættispróf geta fengið prófið sitt metið í upphafi meistaranáms til 60 eininga og þurfa því að taka fimm námskeið og 30 eininga meistararitgerð til að ljúka meistara- prófi.

### Stunda þeir námið með starfi?

Sumir taka einstök námskeið, sitja í kennslustundum og taka fullan þátt í náminu án þess þó að taka próf en það er einnig boðið upp á að taka námið til prófs með vinnu á allt að fjórum árum. Svo er einnig boðið upp á þverfaglegt nám í samvinnu lagadeildar og viðskiptafræðideildar í skattarétti og reikningsskilum. Það nám skiptist upp í fjögur misseri og tekur mið af því að nemendur séu á vinnumarkaði.

### Nú hafa lögfræðingar fyrst og fremst sótt í LL.M nám erlendis, býður HÍ upp á slíkt nám?

Lagadeild HÍ býður upp á LL.M. nám í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfissrétti (LL.M. in Natural Resources Law and International Environmental Law) en það er nám á ensku sem beinir sjónum sínum fyrst og fremst að lagareglum sem gilda um auðlindir og umhverfi með áherslu á íslensk, evrópsk og alþjóðleg sjónarmið. Um er að ræða 90 eininga nám.

### Hve margir stunda LL.M námið?

Það eru fimm útlendir nemendur í LL.M náminu og tveir íslenskir lögmenn. Svo bjóðum við einnig upp á doktorsnám, en það eru fimm lögfræðingar sem stunda það nú, þar af einn sem mun að öllum líkindum verja doktorsritgerð sína á þessu ári.



### Doktorsnám í boði við HR

Guðmundur Sigurðsson, prófessor og forseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík segir að í dag stundi

tveir nemendur doktorsnám við lagadeild HR. Þeim eigi hins vegar án efa eftir að fjölga þar sem stutt sé síðan fyrst var boðið upp á þetta nám.

Það er lítið um að lögmenn og lögfræðingar sækja framhaldsnám innan lagadeildar. Ekki er í boði formlegt LL.M nám en það er möguleiki fyrir lögmenn að taka einstök námskeið úr ML náminu auk þess sem boðið er upp á samarnámskeið á meistarastigi á vegum Opna Háskólans. Þar eru áhugaverð námskeið sem gætu nýst þeim í endurmenntun.

### Nú hafa lögfræðingar fyrst og fremst sótt í LL.M nám erlendis, býður HR upp á slíkt nám?

Við erum ekki með það á teiknaborðinu en mér finnst frekar líklegt að það verði gert í framtíðinni. Hvenær get ég þó ekki svarað.“



### Breytt form á námi í skattarétti

Ingibjörg Þorsteinsdóttir, dósent og forseti lagadeildar Háskólans á Bifröst segir háskól-

ann hafa lagt mikla áherslu á skattarétt í gegnum tíðina.

Við höfum til þessa boðið upp á MA gráðu í skattarétti og MTA í skattastjórnsýslu en ætlum nú að breyta forminu og bjóða í auknum mæli upp á einstök námskeið í ýmsum greinum skattaréttar í fjarnámi.

### Sóttu lögmenn og útskrifaðir lögfræðingar námið?

Já að einhverju leyti en ekki í því mæli sem við vonuðumst eftir. Námið var ætlað öllum sérfræðingum í fjármála- geiranum og það var mun meira um að viðskiptafræðingar og endurskoðendur sæktu það og svo okkar nemendur sem lokið hafa grunngráðu í viðskipta- lögfræði.

### Nú hafa lögfræðingar sótt í LL.M nám erlendis, hefur HB í huga að bjóða upp á slíkt nám í framtíðinni?

Við erum með ýmislegt á þrjónunum en það stendur ekki til að bæta við námslínunum að svo stöddu.



# Endurmenntun fyrir lögfræðinga

Lagadeild Háskóla Íslands býður upp á leiðir fyrir útskrifaða lögfræðinga til endurmenntunar/símenntunar

## Meistaránám

120 ECTS einingar – Með eða án sérhæfingar

Lögfræðingar með Kandidatspróf, útskrifaðir frá HÍ, fá fyrra nám metið til 60 eininga sem jafngildir tveimur misserum. Nemendur ljúka 5 námskeiðum (30 einingum) og skrifa 30 eininga meistararitgerð. Hægt er að taka þetta nám með vinnu á allt að 4 árum.

Einnig er hægt að taka stök námskeið með því að skrá sig í meistaránámið.

**Umsóknarfrestur til og með 15. apríl 2011.**

Rafræn umsókn í framangreindar námsleiðir er á heimasíðu Háskóla Íslands [www.hi.is](http://www.hi.is).

Skráningargjald kr. 45.000 fyrir allt námsárið.

## Skattaréttur og reikningskil

90 ECTS einingar eða 120 ECTS einingar.

Þverfaglegt nám í samvinnu lagadeildar og viðskiptafræðideildar.

Tveggja ára nám, fjögur misseri. Námið tekur mið af nemendum á vinnumarkaði og eru námskeiðin kennd eftir kl 14.00 á daginn. Tilvalið nám fyrir útskrifaða lögfræðinga með vinnu til að auka sérhæfingu á þessu sviði.

# Áskorun til dómsmálaráðherra vegna fangelsismála

Í FEBRÚAR S.L. sendi stjórn Lögmannafélagsins innanríkisráðherra áskorun um að koma vistunarmálum refsí- og gæsluvarðhaldsfanga í viðundandi horf. Það er óásættanlegt að biðtími dæmdra manna eftir að geta afplánað refsíðoma sína sé of langur og að vísa þurfi frá dæmdum einstaklingum sem boðaðir hafa verið til afplánunar. Einnig hafa fjölmargir einstaklingar, sem úrskurðaðir hafa verið í gæsluvarðhald, verið vistaðir í fangageymslum lögreglustöðva á höfuðborgarsvæðinu vegna þrængsla á Litla Hrauni og eru dæmi um slíka vistun í allt að tólf daga. Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga nr. 49/2005 um fullnustu refsinga er heimilt, ef aðstæður leyfa, að vista gæsluvarðhaldsfanga í skamman tíma í fangageymslum lögreglu þó ekki lengur en í fjóra sólarhringa nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Í áskorun stjórnar félagsins er sérstaklega vísað til athugasemda sem fram komu

í umsögn laganeftndar félagsins við frumvarp það sem síðar varð að lögum nr. 49/2005. Þar segir m.a. að það sé mat laganeftndar að grundvallarmunur sé „...á réttarstöðu þeirra sem sæta gæsluvarðhaldi annars vegar og afplánunarfanga hins vegar. Samkvæmt 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, skal hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi talinn saklaus uns sekt hans hefur verið sönnuð. Sekt manna telst ekki sönnuð fyrr en að gengnum endanlegum áfellisdomi, eftir atvikum fyrir Hæstarétti Íslands. Samkvæmt þessu ber að líta svo á við vörslu gæsluvarðhaldsfanga, að þeir séu saklausir af þeim sökum sem á þá hafa verið bornar, ólíkt því sem gildir um afplánunarfanga sem hlotið hafa refsíðoma fyrir afbrot sín.

Það var álit laganeftndar LMFÍ að vistun gæsluvarðhaldsfanga meðal

afplánunarfanga samrýmdist vart ákvæðum 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar og 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, en í þeim er lagt bann við því að beita pyndingum eða annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Í áskorun stjórnar Lögmannafélagsins segir að þrátt fyrir ítrekaðar athugasemdir lögmannna til fangelsisfyrvalda varðandi meðferð dæmdra manna sem bíða afplánunar, sem og vistunarmál gæsluvarðhaldsfanga, virðist lítið hafa þokast í rétta átt. Byggingu nýs fangelsis í nágrenni Reykjavíkur, sem verið hefði í bígerð allt frá árinu 1960, væri sífellt slegið á frest og áframhaldandi dráttur á byggingu þess væri algerlega óviðunandi. Lögmannafélag Íslands skoraði á íslensk stjórnvöld að setja þetta mál í forgang og koma vistunarmálum refsí- og gæsluvarðhaldsfanga í viðunandi horf.

II

## hvítlist kynnir PaperTyger® silfurfóðruðu öryggisumslögin



### ÓRÍFANLEG

Einfaldar og öruggar umbúðir til að senda þýðingarmikil skjöl.



### RAKAHELD

Einstök efnasamsetning pappírins tryggir þurr og óskemmt innihald jafnvel við verstu aðstæður og meðhöndlun.



### LÉTTVIKT

Pappírinn er einungis 65 g/m<sup>2</sup> sem kemur sér vel gagnvart burðargjöldum.



### HAGKVÆM

Svipuð gæði og sambærileg framleiðsla úr gerviefnum, en mun ódýrari enda gerð úr pappír.

Ekki bara orðin tóm!

Umslögin eru samþykkt af bandarísku pósthjónustunni sem umbúðir utan um forgangspóst.



hvítlist

PaperTyger®

silfurfóðruðu umslögin

# SUMARSKÓLI FYRIR LÖGFRÆÐINGA FRÁ 17. MAÍ – 26. ÁGÚST

Opni háskólinn í Háskólanum í Reykjavík og lagadeild Háskólans í Reykjavík bjóða útskrifuðum lögfræðingum að taka stök meistaranámskeið til að auka þekkingu sína.

## Stjórnun lögfræðingateyma

6 ECTS

Markmið námskeiðisins er að gefa nemendum yfirsýn yfir helstu álitamál sem hafa þarf í huga við stjórnun lögfræðingateyma, einkum stjórnun lögfræðideilda í fyrirtækjum eða stofnunum, með hliðsjón af kenningum úr stjórnendafræðum.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, umræðutímar, verkefni og heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir.

**Tímabil kennslu:** 17. maí – 5. júní frá kl. 16:15.

**Kennari:** Ragnar Jónasson, hdl., stundakennari við lagadeild HR.

Verð kr. 77.000.-

## New Trends in Electronic Commerce Law

E-marketplaces and Electronic Trading Systems, Negotiability of Rights and Instruments (Nýir viðskiptahættir í rafrænum viðskiptum – ný markaðssvæði og viðskiptakerfi, framseljanleiki réttinda og löggerninga)

6 ECTS

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, umræður.

**Tímabil kennslu:** 6. júní – 16. júní frá kl. 16:00, kennt er á ensku.

**Kennarar:** Dr. Teresa Rodríguez de las Heras Ballell and Dr. Manuel Alba Fernandez en þau eru prófessorar við Carlos III háskólann í Madrid.

Verð kr. 77.000.-

## Málstofa í upplýsingatæknirétti

6 ECTS

Til umræðu verða helstu sjónarmið um aðgengi að upplýsingum og hagnýtingu þeirra. Hvaða upplýsingum safna Twitter, Facebook, Google og Amazon um notendur sína? Hvers virði eru rannsóknargögn Rannsóknar-nefndar Alþingis? Fyrir þá sem eru þar nefndir? Fyrir rannsakendur? Fyrir þjóffélagið? Fyrir lýðræðið? Skoðað verður samspil persónuverndar, tjáningarfrelsis, bankaleyndar, viðskiptahagsmuna, rannsóknarhagsmuna og eftirlits. Hvaða reglur gilda og hvernig leyst verður úr hagsmunum stríðandi aðila

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, umræður, verkefni.

**Tímabil kennslu:** 8. ágúst – 26. ágúst frá kl. 16:00–19:00.

**Kennari:** Elfur Logadóttir, LLM í upplýsingatæknirétti.

Verð kr. 77.000.

**Skráðu þig núna á [www.opnihaskolinn.is](http://www.opnihaskolinn.is)**

eða hafðu samband við Birnu Björnsdóttur,

[birnabj@opnihaskolinn.is](mailto:birnabj@opnihaskolinn.is)

Sími: 599 6316 GSM 825 6316



OPNI HÁSKÓLINN  
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK



LAGADEILD  
SCHOOL OF LAW



# Um stórfellt gáleysi og sönnunarbyrði

## Svar við grein Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hrl. í 4. tbl. 2010

Í SÍÐASTA TÖLUBLAÐI Lögmannablaðsins ritaði Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl. grein undir yfirskriftinni „Vandinn að vera lögmaður“. Þar fjallaði hann um dóm Hæstaréttar í málinu nr. 100/2010 sem kveðinn var upp 18. nóvember 2010. Niðurstaða hans var sú að dómurinn væri dæmi um þann vanda sem felst í deildaskiptingu Hæstaréttar og auka kann hættu á mismunandi túlkun réttarins á lagareglum og ólíku mati réttarins á sönnunargögnum. Þótt ég sé sammála Vilhjálmi um þessa hættu sem felst í deildaskiptingu Hæstaréttar er ég ósammála því að umræddur dómur sé dæmi um þetta. Vilhjálmur telur að Hæstiréttur hafi ekki beitt sömu lögskýringu og hefðbundnu sönnunarmati og í fyrri úrlausnum réttarins. Auk þess hafi Hæstiréttur beitt nýmæli sem fælist í því að snúa við sönnunarbyrði fyrir stórkostlegu gáleysi og leggja hana á váttryggingartaka. Þessu er ég ósammála en tekið skal fram að ég flutti málið á móti Vilhjálmi í Hæstarétti.

### Atvik málsins

Atvik málsins voru í stuttu máli þau að H krafðist skaðabóta úr hendi tryggingafélagsins S vegna tjóns sem hann varð fyrir við akstur bifhjóls á Hafnargötu í Reykjanesbæ í júní 2004. S taldi að H hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur í umrætt sinn og því ætti hann að bera 1/3 hluta tjóns síns sjálfur. Í dómi Hæstaréttar segir að H

hefði gert sér að leik að láta bifhjól sitt „prjóna“ og að slíkt aksturslag við þær aðstæður sem uppi voru fæli í sér stórkostlegt gáleysi. H hefði ekki sýnt fram á að hann hefði ekki misst stjórn á bifhjólinu af þessari ástæðu og að slysið yrði þannig ekki rakið til þessarar háttsemi hans. Bætur til H voru því lækkaðar og var honum gert að bera sjálfur þriðjung tjóns síns, með vísan til 2. mgr. 18. gr. þágildandi laga nr. 20/1954 um váttryggingasamninga.

Við lýsingu Vilhjálms á málsatvikum er ýmislegt að athuga og verður hún seint talin hlutlaus. Fyrir hið fyrsta vantar nokkur grundvallaratriði í frásögnina, s.s. að ökumaður bifhjólsins var margsaga í framburði um aðdraganda slyssins og ökuhraða. Auk þess fer hann frjállega með endursögn á framburði hlutlauss vitnis og fullyrðir ranglega að ný málsástæða er varðaði sönnunarmatið hafi fyrst komið fram fyrir Hæstarétti. Því er rétt að rekja helstu atriðin sem lögmaðurinn sleppir úr lýsingu sinni á málsatvikum í fyrrnefndri grein því en þau skipta máli þegar fjallað er um sönnunarmat og rökstuðning Hæstaréttar fyrir niðurstöðu réttarins.

Í lögregluskýrslu var haft eftir ökumanninum að eldsneytisgjöf bifhjólsins hafi festst í botni og að hann hafi í framhaldinu misst stjórn á bifhjólinu. Í skriflegri skýrslu til lögmanns síns, sem ökumaðurinn lagði fram í málinu, sagði ökumaðurinn að hann hefði sett framhjólíð niður aftur og bremsað með bæði aftur- og frambremsu

og þá runnið til í vettlingnum, og gefið bensíngjöfina í botn óviljandi með þeim afleiðingum að hann missti stjórn á hjólinu. Í stefnu málsins í héraði var hins vegar á því byggt að ökumaðurinn hafi fest hanska sinn í bensíngjöf hjólsins með þeim afleiðingum að í stað þess að bremsa hafi hann gefið hjólinu aukið bensín og þannig misst stjórn á því. Framburður ökumannsins varðandi ökuhraðann var einnig á reiki en hann kvaðst í lögregluskýrslu hafa verið á 60-70 km hraða en á síðari stigum málsins kvað hann ökuhraðann hafa verið 50 km á klst.

### Stórfellt gáleysi

Aðilar deildu um hversu langan tíma ökumaðurinn hefði ekið bifhjólinu eftir að hann hætti að prjóna og áður en hann missti stjórn á því. Ökumaðurinn hélt því fram að hann hefði ekið bifhjólinu nokkurn spöl með bæði hjólin á jörðu áður en hann missti stjórn á því. Vitni, sem ók bifreið á undan bifhjólinu, kvað hins vegar aðeins hafa liðið augnablik frá því að ökumaðurinn lenti framhjólinu og þar til hann féll af bifhjólinu og nánar aðspurt fyrir héraðsdómi kvaðst vitnið ekki geta fullyrt að ökumaðurinn hafi náð að lenda framhjólinu.

Niðurstaða Hæstaréttar byggði einfaldlega á því að ökumaðurinn hefði gert sér að leik að láta bifhjólíð prjóna. Slíkt aksturslag við þessar aðstæður væri stórkostlegt gáleysi. Hafa verður í huga, þegar þessi niðurstaða réttarins er

skoðuð, að ökumaður bifhjóls sem lætur framdekk missa allt veggrip hefur enga stjórn á bifhjólinu, stjórnæki þess verða óvirk og jafnvægi bifhjólsins raskast. Þeir dómur sem lögmaðurinn nefnir í grein sinni eru því ekki fordæmi um gáleysismatið enda lúta þeir að akstri bifreiða og ósambærilegum atvikum. Allir eiga þeir samt sameiginlegt að ekki var talið sannað að um stórkostlegt gáleysi væri að ræða og var því ekki tekin afstaða til hver bæri sönnunarbyrðina um orsakatengslin milli hins stórkostlega gáleysis og tjónsins.

## Sönnunarbyrði

Hæstarétti þótti sannað að ökumaðurinn H hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn og á grundvelli þess lagði Hæstiréttur sönnunarbyrðina, um að H hefði ekki misst stjórn á bifhjólinu af þessari ástæðu, á H sjálfan.

Vilhjálmur gagnrýnir Hæstarétt annars

vegar fyrir að hafa byggt á málsástæðu um sönnunarmat sem ekki var byggt á fyrir en við málflutning í Hæstarétti og hins vegar fyrir að hafa vikið frá dómvenju um sönnunarbyrði.

Fyrri fullyrðing lögmannsins er alröng en á umræddri málsástæðu var byggt í greinargerð S í héraði. Auk þess er um atriði að ræða sem fellur undir hið frjálsa sönnunarmat dómara og því hefði sérstök málsástæða þessa efnis ekki þurft að koma fram til að Hæstiréttur gæti komist að þessari niðurstöðu.

Síðari fullyrðing lögmannsins er einnig röng. Niðurstaða Hæstaréttar í málinu nr. 100/2010 er í fullu samræmi við fyrri dómsúrlausnir Hæstaréttar þar sem sannað hefur verið að viðkomandi hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Sönnunarbyrðin um að það hafi ekki verið orsök tjónsins hvílir á tjónþola. Því til stuðnings má t.d. nefna dóm Hæstaréttar í málinu nr 51/2003 en þar var talið sannað að ökumaður hefði

verið undir áhrifum áfengis sem væri stórkostlegt gáleysi. Ökumaðurinn byggði hins vegar á því að slysið væri ekki að rekja til ölvunar hans heldur akstursaðstæðna í umrætt sinn en mikill snjór og hálka hafi verið á veginum auk þess sem skýjað hafi verið og dimmt. Héraðsdómur og Hæstiréttur lögðu sönnunarbyrðina um að tjón ökumannsins væri að rekja til annarra atvika en ölvunar hans á ökumanninn sjálfan. Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1995, bls. 2249, lagði Hæstiréttur einnig sönnunarbyrði á ölvaðan ökumann um að önnur atvik en ölvun hans hefði verið orsök slyssins.

Niðurstaða Hæstaréttar í málinu 100/2010 þess efnis að leggja sönnunarbyrðina um að önnur atvik en stórkostlegt gáleysi ökumanns bifhjólsins á ökumanninn sjálfan er því hvorki frávik frá hefðbundnu sönnunarmati né fyrri dómvenju um sönnunarbyrði um orsakatengsl. Niðurstaðan er ekki í andstöðu við fyrri niðurstöður Hæstaréttar Íslands í sambærilegum málum eins og lögmaðurinn heldur fram í grein sinni.

cutting through complexity™

## Úttekt á stjórnarháttum fyrirtækja

74% stjórnenda telja það skipta miklu máli að atvinnulífið fari eftir leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Styrktu stjórnarhætti þíns fyrirtækis í samræmi við nýtt matsferli sem kynnt var á Viðskiptaþingi.

**Nánari upplýsingar veitir Berglind Ósk Guðmundsdóttir í síma 545 6149 eða í tölvupósti [bgudmundsdottir@kpmg.is](mailto:bgudmundsdottir@kpmg.is)**

[kpmg.is](http://kpmg.is)

GÓÐ

Lífeyrisréttindi

Séreign, sameign, áfallalífeyrir

Verið velkomin í Borgartún 25  
sími 510 2500 – [www.almenni.is](http://www.almenni.is)

# Íslenskir lögmennt í bresku réttarkerfi

LOGOS HEFUR NÚ starfrækt lögmannsstofu í London í hartnær fimm ár eða frá byrjun árs 2006. Vaxandi þáttur í starfsemi stofunnar er vinna við úrlausn ágreiningsmála, bæði fyrir enskum dómstólum og alþjóðlegum gerðardómum.

Hafliði K. Lárusson hefur umsjón með því sviði og hefur einkum sér til fulltingis þau Philippu Mumford og James Douglas, auk þess sem aðrir lögmennt sinna afmörkuðum verkefnum eftir því sem við á hverju sinni. Guðmundur J. Oddsson hefur verið framkvæmdastjóri stofunnar í London frá upphafi og nú starfa þar tíu lögfræðingar, þar af sex með ensk lögmannsréttindi.

Hafliði er íslenskur lögfræðingur, útskrifaður 1994, en hann hélt erlendis í frekara nám strax að lagaprófi loknu og aflaði sér enskra lögmannsréttinda. Hann hefur starfað hjá Logos í London síðan 2007, en áður var hann lögmaður hjá einni af stærstu bandarísku lögmannsstofunum, White & Case, á skrifstofu þeirra í London. Hafliði sinnti þar verk-



Hafliði K. Lárusson

efnum bæði á sviði samninga og deilumála, með hugverkarétt og almennan viðskiptarétt að sérsviði. Til viðbótar við lögmenntskuna, er Hafliði fulltrúi Íslands í gerðardómi Alþjóða viðskiptaráðsins í París og stundakennari við Háskólann í Reykjavík.

Lögmannablaðið ræddi á dögnum við Hafliða um starf hans í London og m.a. hvernig að dómsmálum er staðið í Englandi.

## Þrjú dómstig og fjöldi sérdómstóla

„Enska dómkerfið er talsvert frábrugðið því íslenska. Til að mynda er undirréttarstiginu í grófum dráttum tvískipt í sakadómstóla („criminal courts“) og dómstóla sem dæma í einkamálum („civil courts“), segir Hafliði.

Hann bætir við að innan þessara tveggja dómstiga tíðkist svo enn frekari sérhæfing, sem annars vegar ráðist af stærð mála og hins vegar af tegund ágreiningsefna: „Smærri mál eru alla jafna tekin fyrir í héraðsdómstólunum, á meðan þau stærri fara fram í High Court of Justice. Sá dómstóll er í raun miðlægur dómstóll fyrir allt landið, og er staðsettur í útjaðri City hverfisins í um tuttugu og fimm mínútna göngu-fjarlægð frá skrifstofu okkar.“

Í High Court of Justice eru starfræktar þrjár ólíkar deildir: Queen's Bench Division, Chancery Division og Family Division. Auk þeirra eru þar ýmsir sérdómstólar, svo sem í viðskiptamálefnum, tæknitengdum málum og verktakamálum. Byggingin sem hýsir High Court of Justice er tilkomumikil að sögn Hafliða og mikið um hefðir sem tengjast byggingunni og þeirri starfsemi sem þar fer fram: „Byggingin var byggð á Viktoríutímanum og er gríðarstór. Þar eru hátt í hundrað

réttarsalir og segir sagan að gangarnir séu samtals rúmlega fimm kílómetrar að lengd.“

Í Englandi eru þrjú dómstig: millidómstigið kallast einfaldlega Court of Appeal eða áfrýjunardómstóllinn, og greinist í sakamála og einkamáladómstóla. Æðsta dómstigið er síðan Supreme Court, en þangað fara að jafnaði einungis mál sem talin eru hafa mikilvægt fordæmisgildi eða mál sem varða stjórnskipuleg efni. Mála fjöldi er þar með lítill og til dæmis hefur rétturinn eingöngu kveðið upp fimm dóma á mánuði að jafnaði árið 2010.

Supreme Court hét áður „The Appellate Committee of The House of Lords“ og var að forminu til hluti af efri deild þingsins með aðsetur í þinghúsinu í Westminster. Þessu var hins vegar breytt árið 2009 og samhliða nafnbreytingunni flutti dómstóllinn í nýtt húsnæði: „Gamla fyrirkomulagið hafði gegnum tíðina verið gagnrýnt fyrir að stinga í stúf við rótgrónar kenningar um þrískiptingu ríkisvaldsins. Breytingin var liður í þeirri stefnu Verkamannaflokksins að skerpa línurnar á milli löggjafarvaldsins og dómvaldsins, jafnvel þótt dómarnir í gömlu lávarðadeildinni hafi svo sem ekki komið nálægt löggjafarstörfum“, segir Hafliði.

## Aldagömul aðgreining í solicitor og barristera

Í Englandi er við lýði aldagömul aðgreining lögmannsstéttarinnar í solicitors og barristers. Með einföldun má lýsa verkaskiptingunni milli þessara stétta þannig að barristerar séu málflutningsmenn meðan solicitorar sjá um að taka saman gögn, gera drög, greinargerðir og undirbúa málssókn að öðru leyti: „Sjálfur er ég solicitor og hef



gegnum tíðina unnið mikið með barristerum. Þeir sitja í svokölluðum Inns of Court sem eru stórar byggingar í námunda við High Court of Justice. Innan þessara Inns of Court eru síðan svokallaðir Chambers, sem í raun eru nokkurs konar lögmannsstofur, þótt hver málflutningsmaður sé að forminu til sjálfstæður í sínum störfum“, segir Hafliði.

Síðustu ár hefur þróunin þó orðið sú að dregið hefur saman með stéttum barristera og solicitora enda þótt aðgreiningin sé enn við lýði. Er nú svo komið að solicitorar geta aflað sér málflutningsréttinda á borð við barristera og kallast þá „solicitor advocate“. Hafliði mun öðlast þau réttindi á næsta ári.

Lengi hefur tíðkast að dómáram komi úr hópum barristera. Því er algengt að dómáram hafi stundað lögmenntu að fyrra starfi. Jafnframt hefur færst í aukana að solicitorar færi sig um set og gerist dómáram á seinni stigum ferilsins. Hafliði segir þetta skila sér í hagnýtri nálgun dómstólanna við lausn ágreiningsmála: „Þetta veldur því að dómáramnar hafa hneigið til að tengja lögfræðileg álitaefni við þann veruleika sem þeir upplifðu fyrr á ferlinum. Þetta er að mínu viti kostur og nokkuð sem tvímælalaust ýtir undir það orðspor Lundúnaborgar að vera, ásamt New York, miðstöð viðskipta í heiminum.“

Eins og margir íslenskir lögfræðingar þekkja er mikil sérhæfing eitt helsta einkenni enskra lögmannsstofa. Á stóru viðskiptastofunum tíðkast þannig mikil deildaskipting. Þannig er ekki óalgengt að stærri stofurnar hafi yfir að ráða bankadeild, fyrirtækjadeild, vinnu- markaðsdeild, hugverkadeild, málaferladeild og þar fram eftir götum. Hafliði segir góð og gild rök fyrir þessari miklu sérhæfingu og hinni aldagömlu aðgreiningu, enda sé enskur réttur afar brota-



Skrifstofa Logos í London

kenndur: „Englendingar eru að mörgu leyti slakir lagasmíðir, auk þess sem umhverfið er oft á tíðum allt að því óþarflega flókið. Í því samhengi má nefna sem dæmi að til eru átta mismunandi og fullgildir lagabálkar sem bera heitið „Landlord and Tenant Act“, sá fyrsti frá árinu 1709 og sá síðasti um tuttugu ára gamall.“

Við þetta bætist síðan gríðarlegt mikilvægi fordæmisréttar í enskum rétti. Ekki sé því óalgengt að mikil vinna fari í að leita gamalla dóma sem kunna að hafa fordæmisgildi langt aftur í aldir: „Flestir dómáram sem kunna að hafa fordæmisgildi hafa þó gengið síðastliðin hundrað ár. Engu að síður má ætla að magn réttarheimilda sé margfalt meira þegar enskur lögmaður þarf að komast að niðurstöðu um lögfræðilegt álitaefni, en þegar íslenskur starfsbróðir hans glímur við sambærilega spurningu,“ segir Hafliði.

## Aukið vægi gerðardómsmeðferðar

Hafliði hefur undanfarin ár verið fulltrúi Íslands hjá gerðardómsstofnun Alþjóða viðskiptaráðsins (ICC). Aðsetur ICC er í París, og eyðir Hafliði því talsverðum tíma þeim megin Ermasundsins. Hafliði bjó í nokkur ár í París og á jafnframt franska eiginkonu. Hann segir vægi gerðardómsmeðferðar sífellt aukast: „Helsti kosturinn er gjarnan talinn sá að gerðardómáram leysa úr ágreiningsmálum með skjóttum og öruggum hætti. Auk þess geta aðilar þá leyst úr málum bak við luktar dyr, ef svo má segja, frekar en að gera það fyrir allra augum gegnum hina almennu dómstóla. Loks eru gerðarmenn gjarnan valdir á grundvelli yfirgripsmikillar sérþekkingar á sínu sviði, auk þess sem hlutleysi ríkisdómstóla í sumum löndum má draga í efa og þá er gerðardómsmeðferð eini raunverulegi kosturinn.“

Þrátt fyrir að málsmeðferð fyrir gerðardómum taki alla jafna tiltölulega skamman tíma, hefur álagið þó aukist talsvert síðustu ár, að sögn Hafliða. Þetta eigi ekki síst við nú allra síðustu ár í kjölfar sviptinga á alþjóðamörkuðum.

Hafliði er fulltrúi Íslands hjá gerðardómsstofnun Alþjóða viðskiptaráðsins, sem hefur meðal annars þann starfa að fara yfir drög að gerðardómsúrlausnum og kveða úr um hæfi gerðarmanna. Haldnir eru mánaðarlegir fundir þar sem farið er yfir slíkar úrlausnir: „Yfirferð okkar er fremur formleg en efnisleg, enda gerðarmenn sjálfstæðir í starfi. Þessi mánaðarlega yfirferð er hins vegar eitt sérkenna ICC, og fer þannig fram að við annaðhvort samþykkjum drögin eða sendum þau aftur á gerðarmennina teljum við úrbóta þörf“, segir Hafliði.



BRYNJAR NÍELSSON HRL.



## Þjónar réttarins

ÞAÐ HEFUR AUKIST talsvert í seinni tíð að lögmenn tjái sig um dómsniðurstöður í fjölmiðlum enda dómsmál orðin helsta fréttæfni fjölmiðla. Það er ekki endilega vegna þess að lögmenn hafi sérstakan áhuga á því heldur er ástæðan sú að erfitt er stundum að komast út úr dómshúsinu án þess að rekinn sé upp í lögmanninn mikrafónn. Við þær aðstæður er mikilvægt að lögmenn gæti hófs í orðræðu þótt umbjóðandinn hafi farið halloka í úrlausn dómsins.

Það er ekkert við það að athuga að lögmenn gagnrýni dóma með faglegum og málefnalegum hætti en gífuryrði um persónu dómarsins á ekki erindi í opinbera umræðu um dómsmál. Í þessu sambandi er mikilvægt að minna

á ákvæði siðareglna Lögmannafélags Íslands um að lögmenn skuli sýna dómstólum fulla tillitssemi og virðingu í ræðu, riti og framkomu.

Það eru ekki nýmæli að lögmenn séu ósáttir við niðurstöðu dómstóla. Oft eru miklir hagsmunir í húfi fyrir umbjóðandann. Stundum finnst lögmonnum dómarnir beinlínis rangir og reiði og vonbrigði vegna dóms getur því verið eðlileg. Það réttlætir ekki persónuleg gífuryrði um dómarsinn. Lögmenn og dómarsar eru nefnilega ekki í sitt hvoru liðinu. Við erum öll þjónar réttarins og okkur ber að vernda réttarríkið. Góð samskipti milli dómara og lögmanna eru því mjög mikilvæg. Gagnrýni lögmanna á persónu dómarsins

eða ómálefnaleg gagnrýni á dóma er til þess fallin að rýra traust almennings á dómstólum landsins og ekki síður traust og virðingu lögmannastéttarinnar.

Bæði dómarsar og lögmenn eiga undir högg að sækja í almennri umræðu í landinu nú um stundir. Það er svo sem ekki óeðlilegt við þær þjóðfélagsaðstæður sem við búum nú við. Almennungur er reiður og finnst réttlætið verða útundan og lögmenn séu að maka krókinn á hruninu. Því er það enn mikilvægara en áður að við lögmenn gætum hófs í opinberri umræðu og forðumst gífuryrði og ómálefnalega umræðu.

**RÝMI** 75 ÁR  
1936-2011  
OFNASMIÐJAN

Það sparast pláss og tími með lausnum frá Rými

Frábærar lausnir fyrir stofnanir, einstaklinga og fyrirtæki

Lager-  
hreinsun  
vegna flutnings  
-25% af ÖLLUM  
vörum á lager

- Geymslu- og lagerhillur
- Skjalaskápar á hjólum
- Starfsmanna- og munaskápar
- Verslunarinnréttingar
- Ginur og fataslár
- Lagerskúffur og bakkar
- Ofnar og hitakerfi
- Sorpilát - úti og inni



- Ráðgjöf
- Hönnun
- Sérsmíði
- Þjónusta



Hvar er þínum séreignarsparnaði best borgið?

# Hugsaðu dæmið til enda

Fáðu ráðgjöf í síma 595 3400



**Allianz**   
– tryggir þína peninga

# „Getur ólöglærður einstaklingur skilið lög“?

Þann 16. febrúar síðastliðinn stóð Orator, félag laganema við Háskóla Íslands, ásamt Lögmannafélagi Íslands að vel sóttu málþingi um stöðu lögfræðinnar í samfélaginu. Þrjú erindi voru flutt af þeim Tryggva Gunnarssyni umboðsmanni Alþingis, Brynjarí Nielssyni hrl. og formanni LMFÍ og Höllu Gunnarsdóttur aðstoðarmanni innanríkisráðherra. Þegar þau höfðu lokið máli sínu fóru fram líflegar umræður undir stjórn Guðmundar Þóris Steinþórssonar, funda- og menningarmálastjóra Orators sem jafnframt var fundarstjóri.

## „Lagalausung“

Tryggvi Gunnarsson tók fyrstur til máls og sagði orðræðu samfélagsins ekki bera vott um mikið traust til lögfræðinnar og lögfræðinga. Ákveðið hömluleysi ríkti í tjáningu og viðhorfum

í kjölfar hrunsins og lögfræðingar hefðu sig of lítið í frammí við að vísa til réttarheimilda svo almenningur gæti áttað sig á röksemdunum. Tryggvi talaði um gagnrýni á lögfræði sem fræðigrein og að hún heyrðist víða að. Oft væri talað um „lagatæknifræðinga“ og „lagahyggju“ og efast um niðurstöður mála. Hann sagði gagnrýnina beinast að því að aðferðafræði lögfræðinnar, og sá lögfræðingur sem henni beitti, leysti ekki úr álitaefninu í samræmi við réttlæti og það sem gagnrýnandinn teldi vera ríkjandi viðhorf í samfélaginu. Aðferðafræði lögfræðinnar væri ætlað að fjarlægja persónulegar skoðanir og pólitísk viðhorf þess sem túlkaði og beitti lögnum og borgararnir ættu kröfu á því að lögin réðu en ekki persónulegar skoðanir eða viðhorf þess sem færi með vald eða dæmdu.

Tryggvi sagði lögfræðinga verða að líta í eigin barm hvað varðaði hrunið og velta því fyrir sér hvort þeir hefðu

staðið sig sem skyldi. Hann spurði hvort skortur hefði verið á lögfræðipækkingu og færni fyrir hrun eða hvort ekki hefði verið farið eftir ráðgjöf lögfræðinga. Var almenna viðhorfið að það sem ekki væri beinlínis bannað væri leyfilegt eða var þetta einfaldlega „lagalausung“? Tryggvi taldi að virðing fyrir lögum og reglum hefði dalað fyrir hrun þar sem áherslan var lögð á markaðinn, mesta frelsið og sem minnst afskipti og eftirlit.

Tryggvi velti því fyrir sér hvort samfélagið væri á réttri leið með fjölgun lagadeilda og þar af leiðandi fleiri háskólakennurum í lögfræði, hvort það skilaði samfélaginu yfir höfuð hæfari lögfræðingum.

## Rödd lögfræðinga

Brynjar Nielsson sagði að hugmyndir okkar um lögfræði kæmu mestmegnis úr bíómyndunum og að það væri vísbending um að almenningur



Málþingið var vel sótt.



Halla Gunnarsdóttir fyrir hönd „hinna“. F.v. Halla, Tryggvi Gunnarsson og Brynjar Níelsson.

skildi almennt ekki mikið í störfum lögfræðinga og lögmannna almennt. Taldi hann störf lögfræðinga í álit almennings hafa beðið hnekki í kjölfar hrunsins en þrátt fyrir stöðuga gagnrýni og kvartanir heyrðist lítið í lögfræðingastéttinni. Rödd lögfræðinga í samfélaginu ætti að vera sterkari og heyrast þyrfti meira í þeim til



Tryggvi Gunnarsson talaði um stöðu lögfræðinnar í samfélaginu.

að leiðrétta rangfærslur og misskilning sem áberandi sé í umræðunni.

Brynjar óttaðist að menn teldu sig ekki lengur þurfa að fara að lögum heldur væru hin pólitíska sjónarmið og hið óskilgreinda réttlæti orðin æðri lögnum. Ef slík sjónarmið yrðu ofaná í umræðunni er hættu á að hið hefðbundna vestræna réttarríki brotnaði. Því reyndi mikið á lögfræðingana, meira en nokkru sinni fyrr, til að fræða almenning um lög og aðferðarfræði lögfræðinnar og gæta hagsmuna réttarríkisins.

Brynjar tók undir með Tryggva hvað varðaði aukningu lagadeilda í háskólunum. Hann taldi alls ekki mega draga úr lagahyggju heldur bæta í lagatæknina og fara að lögnum.

### Skiljanleg lagasetning

„Getur ólögglærður einstaklingur skilið lög?“ var meðal þeirra spurninga sem Halla Gunnarsdóttir varpaði fram. Halla taldi að ef svarið væri neikvætt amaði eitthvað að lagasetningunni. Lög hlytu að eiga að vera skiljanleg enda fólki gert að lifa eftir lögum. Væri lagasetning torskilin þá væri samfélaginu hættu búin. „Óskýr lög, og lögfræðingar sem reyndu

að finna á þeim glufur, var meðal þess sem leiddi til efnahagshrunsins hér á landi. Virki lög ekki fyrir almenning virkar réttarkerfið ekki fyrir almenning,“ sagði Halla og benti á að þótt fæstir hafi lesið alla gildandi löggjöf þá sé hinum almenna Íslendingi nokkurn veginn ljóst hvað honum sé heimilt og hvað ekki. Það væri vegna þess að lög byggja á viðmiðum samfélagsins um æskilega hegðun.

Halla fjallaði um mikilvægi gagnrýnnar hugsunar og velti því upp hvort lögfræðin gæti lært af öðrum fræðigreinum sem fjalla um samspil einstaklings og samfélags. Hún spurði hvernig laganemar lærðu að skilja á milli persónulegrar skoðunar og lagatextans. Til þess þyrfti mikla þjálfun.

Það væri hverjum laganema nauðsyn að spyrja sig hvaðan þekking innan lagadeildarinnar kæmi. Hvort deildin væri lokuð og einangruð, eða hvort hún væri í miklum alþjóðatengslum. Hún taldi laganám og þekkingu á lögum vera verkfæri til að efla og þróa - jafnvel skapa réttarríki á Íslandi.

### Að lokum

Tilgangur þessa málþings var að vekja lögfræðinga, laganema og aðra til umhugsunar um stöðu lögfræðinnar í samfélaginu. Málþingið tókst vel í alla staði og umræðurnar voru bæði líflugar og fræðandi. Tilgangnum var því náð.

Orator þakkar Lögmannafélagi Íslands kærlega fyrir samstarfið og félagsmönnum þess fyrir komuna á málþingið. Vonum við að umræðan haldi áfram á vitrænum nótum.


*f.b. Orators, félags laganema  
Harpa Rún Glad  
stud.jur*



Ingibjörg Svverisdóttir landsbókavörður og Kristín Edwald formaður Lögfræðingafélags Íslands skrifuðu undir samning um skönnun Tímarits lögfræðinga 16. febrúar sl. Kostnaður var tæplega 1,1 milljón og safnaðist sú upphæð meðal lögfræðinga.

# Tímarit lögfræðinga á tímamótum

FRÁ OG MEÐ 1. apríl 2011 mun Tímarit lögfræðinga 1951-2005 vera inni á [www.timarit.is](http://www.timarit.is), til ókeypis afnota fyrir alla. Þann dag eru 60 ár liðin frá því tímaritið kom út í fyrsta skipti en Lögfræðingafélag Íslands efndi í vetur til söfnunar undir merkjunum „Gjöf lögfræðinga til lögfræðinga“ þar sem lögfræðingar, lögmannsstofur og stofnanir styrktu skönnun tímaritsins á umrædda vefsíðu.



Forsíða 1. heftis 1951. Í því var m.a. minningargrein um Eggert Claessen hæstaréttarlögmann og nokkrar greinar eftir Einar Arnórsson um erfðarétt, þjófamark (brennimark) skv. íslenskum lögum, skaðabótaábyrgð í sambandi við bifreiðadrátt og málsmeðferð í Hæstarétti.

## Milljónir blaðsíðna á netinu

Tímarit.is veitir aðgang að milljónum myndaðra blaðsíðna á stafrænu formi. Aðgangur er öllum opinn en Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn rekur vefinn. Það er mikill akkur fyrir lögfræðinga að fá TL inn á vefinn þar sem hundruð fræðigreina eru skannaðar úr um 200 heftum. Nýrri hefti, frá 2005, eru einnig gefin út rafrænt en þau eru til sölu á heimasíðu Lögfræðingafélags Íslands. Eins og áður mun Tímarit lögfræðinga einnig verða gefið út í prentaðri útgáfu.

## Upphaf Tímarits lögfræðinga

Hugmyndir um útgáfu tímarits höfðu verið til umræðu um nokkurt skeið meðal lögfræðinga en þegar Úlfjótur hætti tímabundið að koma út árið 1951 hóf Tímarit lögfræðinga göngu sína. Fyrstu níu árin gaf Lögmannafélag Íslands tímaritið út en tveimur árum eftir að Lögfræðingafélag Íslands var stofnað, árið 1960, tók það við útgáfunni.

Í formála fyrsta heftis árið 1951 er inngangur frá stjórn Lögmannafélags Íslands, sem þá var skipuð þeim Lárusi Jóhannessyni formanni, Ágúst Fjeldsted ritara og Agli Sigurgeirssyni gjaldkera. Þar segir að tímarit sem þetta verði ekki

langlíft í landinu nema lögfræðingar taki því opnum örmum, ekki aðeins með því að kaupa tímaritið eða auglýsa í því heldur einnig með því að skrifa greinar.

Einar Arnórsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, var fyrsti ritstjóri Tímarits lögfræðinga og lagði í upphafi línurnar varðandi efnisval. Hann taldi að ritgerðir um lögfræðileg efni, frásagnir af aðgerðum dómstóla og stjórnvalda sem og af mikilvægri lagasetningu ættu að vera í ritinu. Einnig greinargerðir um lögfræðirit, minningar um látna lagamenn, auk rökræðna um lagasetningu og lagaskýringar. Loks taldi hann að fregnir af félagsskap lögfræðinga og laganema, lagakennslu og lagaprófum ættu heima í ritinu en það yrði hins vegar að vera laust við pólitískan áróður. Þessar línur sem fyrsti ritstjórinn lagði í upphafi hafa staðist tímans tönn.

## Sjö ritstjórar á sex áratugum

Tímaritinu hefur haldist vel á ritstjórum sínum en á þessum sex áratugum hafa þeir verið sjö talsins. Einar Arnórsson ritstýrði blaðinu á árunum 1951-1953, Theodór B. Líndal 1954-1973, Þór Vilhjálmsson 1973-1983, Jónatan Þórmundsson 1984-1989, Steingrímur Gautur Kristjánsson 1990-1993, Friðgeir Björnsson 1990-2005 og Róbert R. Spanó frá 2005 til þessa dags.

Heimild: *Davíð Þór Björgvinsson: „Tímarit lögfræðinga 50 ára“ Tímarit lögfræðinga 4. hefti 2000, 261.*

*Eyrún Ingadóttir*

## GRÁGÁS Á NETINU

Auk þess að halda utan um [www.timarit.is](http://www.timarit.is) rekur Landsbókasafn Íslands [www.baekur.is](http://www.baekur.is) þar sem búið er að skanna inn margar áhugaverðar bækur fyrir lögfræðinga. Má þar nefna Grágás, Lögbók Íslendinga, Lovsamling for Island, Járnsíða og Íslenzkt fornbréfasafn.



# Skikkja Eggerts Claessen



NÝVERIÐ BARST Lögmannafélagi Íslands að gjöf skikkja Eggerts Claessen lögmanns og hefur henni nú verið komið fyrir í skáp í bókasafni.

Eggert átti frumkvæðið að stofnun Málflutningsmannafélags Íslands ásamt Sveini Björnssyni, síðar forseta Íslands, þann 11. desember 1911 en nafni félagsins var breytt í Lögmannafélag Íslands í ársbyrjun 1945. Eggert var fyrsti formaður Málflutningsmannafélags Íslands og gegndi formennsku í því alls þrisvar; 1911-1918, 1921 og 1940-1941.

Eggert fæddist í Skagafirði 16. ágúst 1877. Hann útskrifaðist frá Hafnarháskóla árið 1903 og hóf störf á II. skrifstofu í hinu nýstofnaða Stjórnarráði Íslands 1904. Árið 1906 varð hann málflutningsmaður við landsyferréttinn og hæstaréttarmálflutningsmaður þegar Hæstiréttur var stofnaður árið 1920.

Eggert var bankastjóri Íslandsbanka hf. 1921-1930 og var eftir það hæstaréttarmálflutningsmaður til æviloka 1950. Hann var einnig einn af stofnendum og framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands 1934 til 1950.

Afkomendur Eggerts hafa nú stofnað útgáfufélag um ritun ævisögu Eggerts og hafa fengið Guðna Th. Jóhannesson sagnfræðing til að skrifa sögu hans. Áætlað er að sagan komi út árið 2013.

*EI*

*Við varðveitum gögnin þín*

**GAGNAÖRYGGI**

Bæjarflöt 4 – 112 Reykjavík – S: 897 0713

**Þýðingar  
og textaráðgjöf**

Löggiltar og almennar þýðingar.

Dóm- og skýrslutöktutölkun.

***Ellen Ingvadóttir***

Löggiltur dómötulkur og skjalabýðandi.

Skipholti 50b 105 Reykjavík

sími: 562-6588

bréfsími: 562-6551

GSM: 897-2717

netfang: [ellening@simnet.is](mailto:ellening@simnet.is)

# Af Merði lögmanni

Merði var nýverið boðið að taka þátt í umræðuþætti í sjónvarpinu. Hann gaf sér það að ástæða þess að honum var boðin þátttaka hafi átt rætur að rekja til máls sem hann rak fyrir bæði héraðsdómi og Hæstarétti og var mikið í fréttum. Hann hafði tapað málinu í héraði en náði viðsnúningi í Hæstarétti með góðum málskostnaði. Mörður var ánægður með sjálfan sig þar sem þetta var eitt af þeim málum sem hefði getað farið á hvorn veginn sem var. En þetta var almennur umræðuþáttur, þar sem þetta mál myndi ef til vill bera á góma og Mörður hefur haft þá afstöðu í að vera ekki að blanda sér í umræður á opinberum vettvangi, þótt hann hafi skrifað tvívegis greinarkorn í Morgunblaðið til þess að mótmæla annars vegar byggingu Ráðhúss Reykjavíkur á sínum tíma og hins vegar gegn Hvalfjarðargöngunum. Hann fann fyrir því að ýmsir af hans viðskiptamönnum voru ósammála honum og hann er alveg viss um það að kúnni einn á Skaganum hætti að láta heyra frá sér í framhaldi af greininni um Hvalfjarðargöngin. Mörður var andsnúinn aðild Íslands að EES á sínum tíma, en hefur nú alveg snúið við blaðinu og er nú hlynntur aðild að Evrópusambandinu.

Merði var því nokkur vandi á höndum. Átti hann að taka þátt í þessum umræðuþætti eða ekki? Hvað ef hann þyrfti að fara að tjá sig um Evrópusambandið? Mörður hefur unnið mikið fyrir bændur í gegnum tíðina og flestir bændur, þ.m.t. helstu forkólfar samtaka þeirra, eru vissir um það að með aðild að ESB þurrkist landbúnaður á Íslandi út. Hann hefur án árangurs reynt að sannfæra nokkra skjólstæðinga sína úr bændastétt að þeirra hagsmunum væri betur borgið innan bandalagsins en utan og alltaf gefið eftir eða látist vera sammála.


Mörður var búinn að vera nokkur ár í lögmennsku þegar hann áttaði sig á því að til væru siðareglur lögmanna, Codex ethicus. Hann fékk málflutningsréttindi sín nefnilega áður en mönnum var gert að sitja námskeið til öflunar slíkra réttinda. Þessi skortur á vitneskju Marðar um siðareglurnar hafði alls ekki komið honum um koll neitt sérstaklega, enda er Mörður vel upp alinn með kristileg gildi í fyrirrúmi. Án þess fletta upp ákvæði siðareglna varðandi aðstæður sem þessar þá ákvað Mörður að hafa samband við skjólstæðing sinn úr dómsmálinu og bera það undir hann hvort hann ætti að mæta í umræðuþáttinn. Þessi skjólstæðingur hans, þjóðþekktur maður, sagðist svo sem vera búinn að fá alveg nóg af umfjöllun um þetta mál. Hann tók þó fram að hann gerði ekki athugasemdir við það þótt Mörður mætti í þennan þátt, en bað hann að víkja sér undan umræðum um málið.

Ekki leysti þetta samtál vanda Marðar. Það var ótrúlegt hvað hann átti erfitt með að komast að niðurstöðu um hvað hann skyldi að gera. Gamla kristilega hugarfarið virtist ekki duga. Þá leit hann í Codex ethicus en þar segir í 5. gr.: „Í umræðu í fréttamiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi um mál, sem lögmaður hefur eða hefur haft til meðferðar, ber honum að virða óskir skjólstæðings síns um að ekki sé fjallað um málið af hans hálfu“. Merði fannst hann standa sig vel í dómsmálinu og var þess vegna meira en til í að skýra það nánar í sjónvarpinu. Hann hefur sterkar skoðanir á ýmsum öðrum málum, eins og Evrópumálunum, sem hann er hræddur við að viðra opinberlega vegna þess að sumum af viðskiptamönnum hans kynni að mislíka það. Hann hafði því persónulega hagsmuni af því að fjalla um dómsmálið opinberlega, en það var ekki í þágu hans skjólstæðings og eiginlega þvert gegn vilja hans að hann fengi að skreyta hatt sinn með því. Þar með gat hann losnað undan því að þurfa að tjá sig um Evrópumálin á opinberum vettvangi. Mörður fór í staðinn norður á Akureyri á skíði.



Eignastýring MP banka

# ÁRANGUR OKKAR TALAR SÍNU MÁLI



Meðalávöxtun er 14,4% á síðustu 8 árum.\*

Súluritið sýnir ávöxtun leiðar 1 hjá eignastýringu MP banka 2003-2010. Leið 1, varfærin stýring, má fjárfesta í skuldabréfum 50-100% og hlutabréfum 0-50%. Öll innlend hlutabréf leiðarinnar voru seld fyrir mitt árið 2008. Starfsfólk eignastýringar hefur vakandi auga fyrir nýjum tækifærum sem kunna að myndast á hlutabréfamarkaði á næstunni. Meðalverðbólga er 6,4% á síðustu 8 árum.

\* Nafnávöxtun eignastýringarleiðar 1, 2003-2010 skv. útreikningi MP banka. Ávöxtun miðast við söfn í stýringu allt árið. Ávöxtun er sýnd án þóknana en þær eru mismunandi eftir stærð safna. Um 65% viðskiptavina eignastýringar MP banka eru nú í leið 1. Athugið að ávöxtun í fortíð er ekki ávisun á ávöxtun í framtíð.

# 14,4%

Meðalávöxtun á síðustu 8 árum\*

MP banki hefur langa reynslu af eignastýringu fyrir einstaklinga, félög og sjóði. Aðferðafræði eignastýringar MP banka hefur skilað viðskiptavinum framúrskarandi árangri óháð markaðsaðstæðum hverju sinni.

Kynntu þér eignastýringu MP banka á [www.mp.is](http://www.mp.is) eða hafðu samband í síma 540 3200.



BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | [www.mp.is](http://www.mp.is)



# Dómur EFTA dómstólsins í máli nr. E-2/10

## Þór Kolbeinsson gegn íslenska ríkinu

HINN 10. DESEMBER 2010 gekk dómur EFTA dómstólsins í máli þar sem Héraðsdómur Reykjavíkur óskaði ráðgefandi álits á tilteknum álitafnum sem vörðuðu mat Hæstaréttar Íslands á eigin sök Þórs Kolbeinssonar vegna vinnuslyss sem hann varð fyrir hinn 28. júlí 2001. Dómurinn er um margt merkilegur en til að átta sig á málinu er nauðsynlegt að fara yfir forsögu þess.

### Slysið

Þór réði sig 10. apríl 2001 til Ístaks hf. í tímabundið verkefni sem húsasmiður við byggingu verslunarmiðstöðvarinnar Smáralindar. Þann 28. júlí vann hann að því ásamt tveimur erlendum smiðum að einangra með steinull á milli gólfbita og klæða milligólf ofan við fyrirhugað verslunarrými í austurenda hússins. Klætt hafði verið neðan á milligólfið með samfelldum gifsplötum sem mynduðu loft verslunarrýmisins í um 5 metra hæð frá steingólfi. Að morgni dags fór Þór upp með skæralyftu og stiklaði frá henni eftir gólfbitunum. Á leiðinni skrakaði Þór fótur þannig að hann féll niður á steingólfið og slasaðist. Hann hafði hjálm á höfði. Lögreglu og Vinnueftirliti

ríkisins var þegar tilkynnt um slysið. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins um slysið segir að ekki hefðu verið settar fallvarnir af neinu tagi ofan á gólfbitana eins og skylt væri né öryggisbelti í líflínu og mætti rekja orsök slyssins til þess.

### Eigin sök Þórs

Niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur, sem gekk 17. mars 2005, var sú að vinnuveitandi Þórs bæri skaðabótaábyrgð á slysinu en á Þór var felld 50% eigin sök þar sem honum hlaut „að vera ljóst hve háskalegt væri að stikla eftir 5 sm breiðum gólfbitunum og á hinn bóginn að úrbætur væru auðveldar með því að leggja á þá palla“ eins og segir í forsendum dómsins. Það er rétt að geta þess að þótt Þór hafi lokið sveinsprófi 1989 og meistaráttindum 1992 í húsasmiði þá hafði hann starfað fá ár við húsasmiðar þar sem hann útskrifaðist sem viðskiptafræðingur árið 1995.

Þór var verulega ósáttur við að á hann skyldi vera felld 50% eigin sök og áfrýjaði dóminum til Hæstaréttar en vinnuveitandi Þórs gagnáfrýjaði. Í dómi Hæstaréttar nr. 246/2005 var vinnuveitandinn sýknaður af kröfu Þórs

og sagt að honum hefði átt að vera ljós sú hætta sem stafaði af því að fara um svæðið.

### Mál höfðað gegn íslenska ríkinu

Þór tók ákvörðun um að höfða mál á hendur íslenska ríkinu og hélt því fram að íslenska ríkið bæri skaðabótaábyrgð á því að hafa ekki réttilega innleitt í íslenskan rétt tilskipanir nr. 89/391 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum og tilskipun nr. 92/57 um framkvæmd lágmarkskrafna um öryggi og hollustuhætti á bráðabirgða- og færanlegum byggingarsvæðum. Báðar tilskipanirnar eru hluti af EES samningnum. Þá hélt Þór því fram að ef íslenska ríkið hefði réttilega innleitt efni tilskipananna í íslenskan rétt, þá hefði Hæstiréttur í dómi 246/2005 gert mistök sem íslenska ríkið bæri skaðabótaábyrgð á. Í þeim efnum skipti engu máli af hvaða ástæðu EES samningurinn hefði verið brotinn, íslenska ríkið bæri skaðabótaábyrgð gagnvart einstaklingi sem yrði fyrir tjóni fyrir þá sök að hann næði ekki fram rétti sem EES samningurinn ætti að tryggja honum, hverju svo sem um væri að kenna, þ.e. hvort sem það er löggjafinn eða dómvaldið sem hefur valdið því tjóni.

Undir rekstri málsins fyrir héraðsdómi gerði Þór kröfu um að aflað yrði álits

# ISNIC

EFTA dómstólsins. Héraðsdómur Reykjavíkur féllst á álitsoflunina 17. febrúar 2010 en úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar sem kvað upp dóm nr. 132/2010 um að leita ráðgefandi álits EFTA dómstólsins á eftirfarandi:

1. *Samræmist það ákvæðum tilskipunar ráðsins nr. 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum og ákvæðum tilskipunar ráðsins nr. 92/57/EBE frá 24. júní 1992 um framkvæmd lágmarkskrafna um öryggi og hollustubætti á bráðabirgða- eða færanlegum byggingarsvæðum (áttundu sértilskipunar í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE) að starfsmanni sé sjálfum vegna eigin sakar gert að bera ábyrgð á tjóni, sem hann verður fyrir vegna vinnuslyss, þegar fyrir liggur að vinnuveitandi hefur ekki að eigin frumkvæði fylgt reglum um öryggi og aðbúnað á vinnustað?*

2. *Ef svarið við framangreindri spurningu er neikvætt, er íslenska ríkið þá skaðabótaskyldt gagnvart starfsmanni, sem hefur orðið fyrir vinnuslysi og verið látinn í ósamræmi við ofangreindar tilskipanir bera tjón sitt sjálfur í heild eða að hluta vegna eigin sakar, á þeirri forsendu að ríkið hafi ekki staðið réttilega að innleiðingu þessara tilskipana í íslenskan rétt?*

Hæstiréttur breytti þar með verulega þeim spurningum sem héraðsdómariinn hafði úrskurðað að lagðar yrðu fyrir EFTA dómstólinn. Eftirfarandi forsendur Hæstaréttar í dómi sínum um álitsoflunina 23. mars 2010 eru athyglisverðar:

„*Varnaraðili telur sóknaraðila bera skaðabótaskyldu gagnvart sér af þessum sökum með því að úrslit fyrra dómsmálsins hefðu orðið á annan veg ef sóknaraðili hefði réttilega sinnt þessum skyldum. Fallist verður á með varnaraðila að efni séu til að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um þau grunnatriði, sem þessi málaltilbúnaður hans hvílir á, enda var þeim ekki ráðið til lykta með fyrrnefndum dómi Hæstaréttar 20. desember 2005. Að því verður á hinn*

*bóginn að gæta að í málaltilbúnaði varnaraðila er auk þessa öðrum þræði byggt á þeirri skoðun hans að niðurstaða fyrra dómsmálsins kunni að hafa ráðist af því að „Hæstiréttur hafi fyrir mistök túlkað íslenskan rétt í andstöðu við tilskipanir Evrópusambandsins“, sem reyndar verður ekki séð að varnaraðili hafi á nokkru stigi borið fyrir sig í því máli, en að bugleiðingum af þeim toga geta spurningar, sem lagðar verða fyrir EFTA-dómstólinn, ekki lotið.“*

Sú spurning vaknar í fyrsta lagi hvernig Þór hefði átt að bera það fyrir sig í málinu gegn Ístaki hf. að Hæstiréttur hafi fyrir mistök túlkað íslenskan rétt í andstöðu við tilskipanir Evrópusambandsins. Í öðru lagi er það athyglisvert að Hæstiréttur virðist ekki vilja fá álit EFTA dómstólsins á því hvort Hæstiréttur hafi fyrir mistök túlkað íslenskan rétt í andstöðu við tilskipanir Evrópusambandsins.

## Svör EFTA dómstólsins

Málið var flutt fyrir EFTA dómstólnum 6. október 2010. Undirritaður flutti málið f.h. Þórs, en auk aðila málsins tóku Eftirlitsstofnun EFTA, Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og norska ríkið þátt í munnlegum flutningi málsins. Belgíska ríkið skilaði skriflegri greinargerð til EFTA dómstólsins en tók ekki þátt í munnlegum flutningi málsins. Þeir sem tóku þátt í málinu skiptust í stórum dráttum í tvennt í afstöðu sinni til álitaefnisins; Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og belgíska ríkið tóku að verulegu leyti undir málflutning Þórs en Eftirlitsstofnun EFTA og norska ríkið tóku að mestu undir málflutning íslenska ríkisins.

Svör EFTA dómstólsins til Héraðsdóms Reykjavíkur voru eftirfarandi:

1. *Einungis í undantekningartilvikum samræmist það tilskipun ráðsins nr. 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum og tilskipun ráðsins nr. 92/57/EBE frá 24. júní 1992 um*

*framkvæmd lágmarkskrafna um öryggi og hollustubætti á bráðabirgða- eða færanlegum byggingarsvæðum (áttundu sértilskipunar í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE), túlkuðum ljósi 3. gr. EES samningsins, að gera starfsmann ábyrgan fyrir öllu eða meginhluta tjóns sem hann hefur beðið vegna vinnuslyss á grundvelli skaðabótareglna landsréttar um eigin sök, þegar fyrir liggur að vinnuveitandi hefur ekki að eigin frumkvæði farið að reglum um öryggi og heilsu á vinnustað. Meðal undantekningartilvika má nefna þegar starfsmaður hefur sjálfur valdið slysi af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Jafnvel í slíkum tilvikum myndi alger höfnun skaðabóta þó eigi síður vera úr hófi íþyngjandi og ekki í samræmi við tilskipanirnar, nema svo sérstaklega bátti til að starfsmaður hafi átt talsvert meiri sök á slysi en vinnuveitandi.*

2. *EES-ríki getur borið skaðabóta- ábyrgð vegna brota á þeirri reglu um eigin sök sem felst í tilskipunum 89/391 og 92/57, túlkuðum í ljósi 3. gr. EES-samningsins. Sú skaðabótaábyrgð er háð því að brotið teljist nægilega alvarlegt. Það er í verkahring landsdómstólsins að skera úr um hvort þessu skilyrði sé fullnægt í því máli sem hann hefur til umfjöllunar, í samræmi við viðurkennda dómaframkvæmd um skaðabótaábyrgð ríkja vegna brota á EES-reglum.*

Til glöggvunar hljóðar 3. gr. EES samningsins svo: „*Skýra skal lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja.*“

Málið er enn ódæmt í héraði en aðalmeðferð hefur verið ákveðin 17. mars 2011. Í næsta tölublaði Lögmannablaðsins mun ég leitast við að rökstyðja að verði álit EFTA dómstólsins fylgt af íslenskum dómstólum sé í raun og veru ekkert eftir í málinu en að ákveða hversu mikil eigin sök Þórs sé. Ég mun þá jafnframt fjalla um hvaða áhrif álitid hefur á íslenskan rétt og hvaða ályktanir er almennt hægt að draga af álitinu.

**NÝ MÁLFLUTNINGS-  
RÉTTINDI  
FYRIR HÆSTARÉTTI  
ÍSLANDS****Hlynur Jónsson hrl.**

Kvasir lögmennt  
Laugavegi 182, 2. hæð  
105 Reykjavík  
Sími: 555-6000

**Erlendur Þór  
Gunnarsson hrl.**

Opus lögmennt ehf.  
Austurstræti 17  
101 Reykjavík  
Sími: 552-2299

**Margrét  
Gunnlaugsdóttir hrl.**

Acta lögmannsstofa  
ehf.  
Reykjavíkurvegi 62  
220 Hafnarfjörður  
Sími: 533-3201

**Friðbjörn Eiríkur  
Garðarsson hrl.**

Veritas lögmennt  
Borgartúni 28, 3. hæð  
105 Reykjavík  
Sími: 580-4900

**Guðrún Björg  
Birgisdóttir hrl.**

Logia ehf.  
Laugavegi 182  
105 Reykjavík  
Sími: 511-1990

**Haukur Örn  
Birgisson hrl.**

Ergo lögmennt  
Smáratorgi 3  
201 Kópavogur  
Sími: 412-2800

**Bergþóra  
Ingólfsdóttir hrl.**

Mandat, lögmannsstofa  
Ránargötu 18  
101 Reykjavík  
Sími: 511-1190

**NÝ MÁLFLUTNINGS-  
RÉTTINDI FYRIR  
HÉRAÐSDÓMI****Arna Grímsdóttir hdl.**

Reitir fasteignafélag hf.  
Kringlunni 4-12  
103 Reykjavík  
Sími: 575-9039

**Einar Björgvin  
Sigurbergsson hdl.**

Kaupþing banki hf.  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 444-8887

**Katrín Oddsdóttir hdl.**

Réttur Aðalsteinsson &  
Partners  
Klapparstíg 25-27  
101 Reykjavík  
Sími 511-1206

**Rúnar  
Guðjónsson hdl.**

Brúnalandi 5  
108 Reykjavík  
Sími: 895-9832

**Sigurður Freyr  
Sigurðsson hdl.**

Lögreglan á  
höfuðborgarsvæðinu  
Rauðarárstíg 10  
105 Reykjavík  
Sími: 843-1591

**Helgi Már  
Jósefsson hdl.**

KPMG hf.  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík  
Sími: 545-6007

**Hjördís Gulla  
Gylfadóttir hdl.**

Kaupþing banki hf  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 444-6100

**Vigdís  
Sigurðardóttir hdl.**

NBI hf.  
Austurstræti 11  
155 Reykjavík  
Sími: 695-4561

**Þorsteinn Ingi  
Valdimarsson hdl.**

Arion banki hf.  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík  
Sími: 444-6149

**Finnur Geir Beck hdl.**

Landslög  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 520-2901

**Sigurður Logi  
Jóhannesson hdl.**

Aktis lögmannsstofa  
Bankastæti 5  
101 Reykjavík  
Sími: 848-4488



# Námskeið Lögmannafélags Íslands

**Æruvernd og friðhelgi einkalífs - 29. mars 2011**

Farið verður yfir reglur sem gilda um ærumeiðingar og friðhelgi einkalífs. Óheimilar myndbirtingar í fjölmiðlum og á netinu, höfundarétt o.fl.

**Kennari:** Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl.  
hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur.

**.Staður:** Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

**Tími:** Þriðjudagur 29. mars 2011 kl. 17:00-19:00.

**Verð:** Kr. 13.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 10.000,-

**Skýrleiki stefnu - 26. maí 2011**

Á námskeiðinu verður fjallað um kröfugerð í stefnu út frá 80. gr. eml. um skýrleika. Velt verður upp hvort frávisunarkröfur í einkamálum séu orðnar meira áberandi en áður og hvort dómaraar geri strangari formkröfur.

**Kennari:** Hákon Árnason hrl. hjá LOGOS.

**Staður:** Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

**Tími:** Fimmtudagur 26. maí 2011 kl. 16:00-19:00.

**Verð:** Kr. 20.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 15.000,-

**Erlendar fjárfestingar á Íslandi - 17. maí 2011**

Farið verður yfir hvaða lög og reglur gilda um skattaávilnanir erlendra fjárfesta á Íslandi og með hvaða hætti ákvæði einkahlutafélaga setja hömlur á erlendar fjárfestingar. Fjallað verður um hvað erlendir aðilar, sem ekki hafa heimilisfesti á Íslandi, þurfa að hafa í huga við stofnun fyrirtækja. Enn fremur verður rætt um almenna og sérteka samkeppnishæfni Íslands, hvers konar fjárfestingartækifæri eru fyrir hendi í nútíð og framtíð, stefnumótun stjórnvalda í beinni erlendri fjárfestingu og hvernig staðið er að kynningu á Íslandi í þessum efnum.

**Kennarar:** Þórður Hilmarsson, forstöðumaður fjárfestingar-  
sviðs Íslandsstofu, Anna Linda Bjarnadóttir hdl. hjá Lexista og  
Friðbjörn Garðarsson hdl. hjá Veritas.

**Staður:** Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

**Tími:** Þriðjudagur 17. maí 2011 kl. 16:00-19:00.

**Verð:** Kr. 27.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 20.000,-

**Skráning á heimasíðu [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)**

# Af vettvangi félagsins

## Fjöldi félagsmanna nálgast 900

Þann 1. mars s.l. var fjöldi félagsmanna LMFÍ kominn í 891 og nemur fjölgun milli ára tæplega 8%. Að öllu óbreyttu verður fjöldi félagsmanna því kominn vel yfir 900 þegar félagið fagnar 100 ára afmæli þann 11. desember n.k.

Fjölgun lögmanna hefur verið nokkuð stöðug síðustu tíu ár en félagsmönnum hefur fjölgað um 51,5% á tímabilinu mars 2001 til mars 2011. Sé fjölgunin hins vegar skoðuð yfir lengra tímabil kemur í ljós að lögmönnum hefur fjölgað um 156% á síðustu 20 árum. Mest var fjölgunin milli árána 2000 og 2001 eða 11,1 %, sem sjálfsagt má rekja til þess að á þessum tíma lauk fjöldi lögfræðinga öflun málflytningarréttinda á grundvelli eldri reglna, auk þess sem öflun málflytningarréttinda fór í fyrsta sinn fram á grundvelli nýrra reglna sem tóku gildi með lögum um lögmenn nr. 77/1998.

Þessi mikla fjölgun félagsmanna er að einhverju leyti tilkomin vegna fjölgunar lagadeilda og fjölgun útskrifaðra lögfræðinga hin síðari ár. Augljóst er hins vegar að þessi þáttur skýrir ekki nema hluta þeirrar fjölgunar sem átt hefur sér stað, þar sem hún var í raun hafin meðan laganám var aðeins kennt við lagadeild HÍ. Því má kannski segja að fjölgun lagadeilda megi að einhverju

leyti skýra með aukinni eftirspurn atvinnulífsins eftir lögfræðimenntuðu fólki.

## Beiðni um niðurfellingu málflytningarréttinda

Í byrjun árs 2011 fór stjórn Lögmannafélagsins fram á það við innanríkisráðherra, á grundvelli 3. mgr. 13. gr. lögmannaálag nr. 77/1998, að málflytningarréttindi sjö lögmanna yrðu felld niður vegna vanskila þeirra á fjárvörsluyfirlýsingu fyrir árið 2009, sem skila bar fyrir 1. október 2010. Í kjölfar bréfs ráðherra, þar sem hlutaðeigandi lögmönnum var veitt tækifæri til andsvara, skiluðu fimm lögmenn fullnægjandi yfirlýsingu en þeir tveir sem eftir stóðu gátu hins vegar ekki gert grein fyrir vanskilum sínum og hefur innanríkisráðherra fellt réttindi þeirra niður.

## Samráðsfundur með dómstólaráði

Fyrir nokkru var haldinn samráðsfundur með dómstólaráði. Meðal þess sem rætt var á fundinum voru órökstuddar þóknunarákvarðanir dómara í einkamálum, ákvarðanir dómara um málsvarnarlaun í opinberum málum og fjárhæðir málskostnaðar í útivistarmálum. Einnig var farið yfir stöðu rafræns gagnaflutnings milli lögmanna og

dómstóla, undirbúning millidómstigs, fjölföldun gagna í kærumálum í einkamálum til sendingar til Hæstaréttar, gæðamál dómstóla og stöðu trúnaðarskyldu lögmanna m.a. í ljósi húsleitarheimilda og haldlagningar gagna.

## Breytingar hjá úrskurðarnefnd lögmanna

Þann 1. janúar s.l. tók Vallborg Snævarr, hrl. sæti sem nýr aðalmaður í úrskurðarnefnd lögmanna í stað Gests Jónssonar hrl. og Grímur Sigurðsson, hrl. tók sæti sem varamaður í stað Ásgeirs Thoroddsen, hrl.

Kristinn Bjarnason, hrl., var kjörinn formaður í stað Gests sem hafði setið í úrskurðarnefnd og gegnt formennsku frá því hún var sett á laggirnar með lögum nr. 77/1998. Stjórn Lögmannafélags Íslands þakkar fráfarandi nefndarmönnum fyrir störf í þágu nefndarinnar og þá sérstaklega Gest Jónssyni, hrl., fyrir langan og farsælan formannsferil.

## Aðalfundur haldinn 13. maí

Stjórn Lögmannafélagsins hefur ákveðið að aðalfundur félagsins og félagsdeildar fari fram föstudaginn 13. maí n.k. Dagskrá fundarins verður auglýst síðar.

*Ingimar Ingason*

Fjöldmargir ánægðir lögfræðingar eru að nýta sér þjónustu okkar, með góðum árangri.



**-í símann á meðan þú vinnur.**

Þjónusta Símaversins er m.a.:

- Að annast símsvörum fyrir fyrirtæki.
- Fyrir einrykja, millistór og stór fyrirtæki.
- Vönduð og traust.
- Í höndum óspilltra vestfirskra þökkagöjja.
- Önnur þjónusta sérsníðin að óskum viðskiptavina.

Simaverið ehf., Póllgötu 2 400 Ísaförð. Sími 450 5500, fex 450 5501  
hcimasíða [www.simaverid.is](http://www.simaverid.is), netfang [simaverid@simaverid.is](mailto:simaverid@simaverid.is)



# Deilt á hæfi dómans

## -Leiðir þekking og reynsla til vanhæfis?-

Í ÞESSARI GREIN er að finna hugleiðingar greinarhöfundar um hæfi sérfróðra meðdómenda í líkamstjónamálum. Til einföldunar verður talað um stefnanda og átt við stefnanda í héraði, eða tjónþola. Þegar talað er um stefnda er átt við stefnda í héraði, eða tryggingarfélag.

Þann 21. október 2010 staðfesti þriggja manna dómur Hæstaréttar niðurstöðu héraðsdóms um ósönnuð orsakatengsl milli umferðarslyss og líkamstjóns stefnda í máli Hrd. 21/2010. Vísaði Hæstiréttur sérstaklega til þess að í héraði hefði málið verið dæmt, auk dómara, af tveimur sérfróðum meðdómendum þar sem finna mætti ítarlegan rökstuðning fyrir niðurstöðunni. Niðurstaðan fór gegn dómkvöddu yfirmati sem hafði staðfest orsakatengsl. Hæfnin var því óumdeild og engar athugasemdir gerðar við hæfi þeirra.

Sérfróðu meðdómsmennirnir eru báðir vanir matsmenn og hafa metið líkamstjón fyrir ýmis tryggingafélög, hvort sem það er með dómkvæðningu eða ekki. Vafalaust líka fyrir stefnda, sem hefur ríflega þriðjungs hlut á váttryggingamarkaði. Í máli Hrd. nr. 201/2007 frá 6. desember 2007 var m.a. fjallað um vinnuferli annars meðdómsmannsins í óskyldu matsmáli fyrir stefnda, svo hann hefur a.m.k. komið að einu máli fyrir stefnda.

Viku fyrr eða þann 14. október 2010 vísaði sami þriggja manna dómur Hæstaréttar máli aftur í hérað í máli

Hrd. nr. 781/2009 vegna vanhæfis annars hinna sérfróðu meðdómsmanna í því máli. Ástæðan var að hann hafði metið 74 slysmál fyrir stefnda á árunum 2008-2010 án þess að fyrir lægi í hve mörg skipti meðdómmandinn hafði verið tilnefndur af stefnda eða af umboðsmönnum tjónþola. Segir því í reifun Hæstaréttar: „... að leggja yrði til grundvallar að V hefði á greindu tímabili oft tilnefnt M af sinni hálfu til trúnaðarstarfa við örorkumat. Yrði að fallast á með J að hann þyrfti ekki við þessar aðstæður að sæta því að M tæki á sama tíma sæti sem meðdómsmaður í málinu, sbr. g. lið 5. gr. laga nr. 91/1991.“

Athyglisvert er að fallist hafi verið á vanhæfi meðdómenda í Hrd. nr. 781/2009. Mat í 74 slysmálum á þriggja ára tímabili fyrir félag með ríflega þriðjungs markaðshlutdeild (tölur fengnar frá félaginu sjálfu) telst ekki vera mikill fjöldi. Matslæknar á Íslandi skipta ekki hundruðum heldur skipta þeir örfáum tugum. Þá hafa örfáir s.k. CIME-réttindi (Certified Independent Medical Examiner) sem er sérnám í mati á afleiðingum líkamstjóna. Árið 2007 voru þeir 5 og nú eru þeir nokkru fleiri. Meðdómmandinn hefur haft slík réttindi lengi.


Þegar slys eru metin hjá váttryggingafélögum fer það þannig fram að félagið og tjónþoli, eða lögmaður hans, koma sér saman um 1-2 hæfa matsmenn. Reynum að setja tölur í Hrd. nr. 781/2009 í samhengi: Samkvæmt heimildum umferðarstofu slösuðust 1299 í umferðarslysum árið 2009, 1585 árið 2008 og 1673 árið 2007. Þá eru umferðarslys ekki tæmandi talning þeirra líkamstjóna sem tryggingafélög gera upp með örorkumati. Vinnuslys, frítúmaslys og önnur slys eru vafalítið a.m.k. jafnmörg. Sem dæmi má nefna að fjöldi samþykkrtra slysmála hjá slysatryggingum almannatrygginga var yfir 1200 á hverju þessara ára skv.

staðtölum Sjúkratrygginga Íslands. Opinberar tölur hjá Umferðarstofu og Sjúkratryggingum liggja ekki fyrir vegna ársins 2010.

Sérfróði meðdómmandinn hafði því metið fjölda sem samsvarar um 1,6% af heildarumferðarslysafjölda þessara ára fyrir stefnda. Það er u.b.b eitt mál af hverju 61. Tölfræðilega er það lægra hlutfall en ef slysum hefði verið skipt jafnt á virka matsmenn og því hafði meðdómmandinn í raun minni tengsli við félagið en meðalmatslæknirinn. Ítrekað er að bótaskyld slys eru vafalaust fleiri hjá tryggingafélögum en bara fjöldi umferðarslysa.

Einnig er athyglisvert að í máli Hrd. nr. 21/2010 þótti ekki ástæða til að gera athugasemd við hæfi meðdómenda enda var þess ekki krafist. Allar líkur eru á að a.m.k. annar hinna sérfróðu matsmanna í því máli hafi unnið nokkrar matsgerðir fyrir tryggingafélög. Óhætt er að fullyrða að einhverjar þeirra hafa verið fyrir stefnda í málinu, mögulega fleiri en ein af hverri 61 matsgerð, án þess að nokkuð liggi fyrir um það enda var það ekki kannað af réttinum.

Dómarnir eru kveðnir upp með viku bili af sömu dómurum Hæstaréttar. Í Hrd. 781/2009 eru gerðar mjög strangar kröfur til sérfróðra meðdómenda. Þeir áðurgreindu örfáir tugir (á bilinu 20-30) virku matslæknar sem eru að meta fyrir tryggingafélög og tjónþola, eða umboðsmenn þeirra, að tilnefningu annars aðilans, eru þeir sem hafa mesta þekkingu og reynslu í mati á afleiðingum líkamstjóna. Með dómnum slær rétturinn því föstu að þeir læknar séu vanhæfir til að taka sæti sem sérfróðir meðdómsmenn vegna tengsla við váttryggingafélögin. Ég spyr því: Hverjir eru þá eftir sem sérfróðir meðdómsmenn þegar kemur að því að meta afleiðingar líkamstjóns fyrir dómi? Einnig spyr ég: Leiðir þekking og reynsla meðdómenda (hæfni) til vanhæfis í þeim tilvikum?

**Litla**  **prent**

Stórt verk lítið mál

Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogur  
Sími 540 1800 | Fax 540 1801 | litla@prent.is

Bæklingar / Umslög / Tölvupappír / Öll almenn prentun



**Halldór Hjalti Halldórsson hdl.**  
Umboðsmaður skuldara  
Hverfisgötu 6  
101 Reykjavík  
Sími: 512-6600

**Ragnar Björgvinsson hdl.**  
Glitnir banki hf  
Sóltúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 440-2522

**Pétur Steinn Guðmundsson hdl.**  
Deloitte á Íslandi  
Smáratorgi 3  
201 Kópavogur  
Sími: 580-3147

**Íris Kristinsdóttir hdl.**  
Lögmenn Laugavegi 3  
Laugavegi 3  
101 Reykjavík  
Sími: 520-1050

**Póra Jónsdóttir hdl.**  
Sparisjóðsbanki Íslands  
Rauðarárstíg 27  
105 Reykjavík  
Sími: 6951924

**Marta Margrét Ö. Rúnarsdóttir hdl.**  
LOGOS  
lögmannsþjónusta  
Efstaleiti 5  
103 Reykjavík  
Sími: 540-0309

**Eva Ómarsdóttir**  
Samkeppniseftirlitið  
Borgartúni 26  
125 Reykjavík  
Sími: 585-0700

**Auður Ýr Helgadóttir hdl.**  
Deloitte hf  
Smáratorgi 3  
201 Kópavogur  
Sími: 580-3001

**Jónas Rafn Tómasson hdl.**  
KPMG hf.  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík  
Sími: 545-6180

**Björg Valgeirsdóttir hdl.**  
Réttur Aðalsteinsson & partner  
Klapparstíg 25-27  
101 Reykjavík  
Sími: 511-1207

**Styrmir Gunnarsson hdl.**  
Landslög slf.  
Hafnargötu 31  
230 Reykjanesbær  
Sími: 520-2920

**Ásgeir Sigurður Ásgeirsson hdl.**  
Lögmannsstofa  
Árna Ármanns  
Árnasonar ehf.  
Túngötu 5  
101 Reykjavík  
Sími: 551-1352

## NÝR VINNUSTAÐUR

**Pétur Örn Sverrisson hrl.**  
Quorum sf.  
Höfðatorgi 2, 17. hæð  
108 Reykjavík  
Sími: 845-8531

**Póra Jónsdóttir hdl.**  
Juris hf.  
Lágmúla 7, 5. hæð  
108 Reykjavík  
Sími: 588-4400

**Guðmundur Ingólfsson hdl.**  
Apex lögfræðiþjónusta  
Borgartúni 25  
105 Reykjavík  
Sími: 519-7519

**Margrét Anna Einarsdóttir hdl.**  
Jónatanesson & Co.  
lögfræðistofa  
Kringlunni 4-12, 8. hæð  
103 Reykjavík  
Sími: 533-3434

**Helga María Pálsdóttir hdl.**  
Mandat lögmannsstofa  
Ránargötu 18  
101 Reykjavík  
Sími: 511-1190

**Ásgeir Helgi Jóhannsson hdl.**  
Landsbankinn  
Hafnarstræti 12  
101 Reykjavík  
Sími: 410-4000

**Gunnar Sv. Friðriksson**  
Drómi hf.  
Lágmúli 6  
108 Reykjavík  
Sími: 540-5000

**Eva Dís Pálmadóttir hrl.**  
Sókn lögmannsstofa  
Kaupvangi 2  
700 Egilsstaðir  
Sími: 580-7901

**Jón Jónsson hrl.**  
Sókn lögmannsstofa  
Kaupvangi 2  
700 Egilsstaðir  
Sími: 580-7901

**Hilmar Gunnlaugsson hrl.**  
Sókn lögmannsstofa  
Kaupvangi 2  
700 Egilsstaðir  
Sími: 580-7901

**Pórhallur Haukur Þorvaldsson hdl.**  
Veritas lögmenn  
Borgartúni 28, 3. hæð  
105 Reykjavík  
Sími: 571-5040

**Lára Áslaug Sverrisdóttir hdl.**  
Megin lögmannsstofa  
Lágmúla 7  
108 Reykjavík  
Sími: 520-4120

**Daníel Pálmason hdl.**  
VERITAS lögmenn  
Borgartúni 2  
105 Reykjavík  
Sími: 5715040

**Sölvi Sölvason hdl.**  
Arion banki hf.  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík  
Sími: 444-7000

**Hannes Júlíus Hafstein hdl.**  
Facta  
lögfræðiþjónusta ehf.  
Smáratorgi 3  
202 Kópavogur  
Sími: 820-6717

**Hjálmar Blöndal hdl.**  
Lögmannsstofa  
Hjálmars Blöndal hdl.  
Austurstræti 17  
101 Reykjavík  
Sími: 571-5251

**Þyri Halla Steingrímsdóttir hdl.**  
Acta lögmannsstofa  
Reykjavíkurvegi 62  
220 Hafnarfjörður  
Sími: 533-3200

**Páll Ásgrímsson hdl.**  
Juris hf.  
Lágmúla 7, 5. hæð  
108 Reykjavík  
Sími: 588-4400

**Bjarni Aðalgeirsson hdl.**  
Jónsson og Harðarson ehf.  
Suðurlandsbraut 22  
108 Reykjavík  
Sími: 511-1535

**Helga María Pálsdóttir hdl.**  
Embla lögmenn ehf.  
Lágmúla 5  
105 Reykjavík  
Sími: 534-2610

**Fríðrik Ársælsson hdl.**  
Embætti sérstaks saksóknara  
Skúlagötu 17  
101 Reykjavík  
Sími: 444-0150

**Gísli Rúnar Gíslason hdl.**  
Réttur / Aðalsteinsson & Partners  
Klapparstíg 25-27  
101 Reykjavík  
Sími: 511-1206

**Hjörleifur B. Kvaran hrl.**  
Nordik legal slf.  
Suðurlandsbraut 18  
108 Reykjavík  
Sími: 552-5210

**Berglind Svavarsdóttir hrl.**  
Acta lögmannsstofa  
Reykjavíkurvegi 62  
220 Hafnarfjörður  
Sími: 533-2545

**Dagrún Hálfánardóttir hdl.**  
Borgarlögmaður  
Ráðhús Reykjavíkur  
101 Reykjavík  
Sími: 411-4107

**Kristján Baldursson hdl.**  
Drómi hf.  
Lágmúla 6  
108 Reykjavík  
Sími: 540-5005

**Ingi Björn Poulsen hdl.**  
Faktum lögmenn  
Laugavegi 59  
101 Reykjavík  
Sími: 699-8780

**Jóhanna Sigurjónsdóttir hdl.**  
Lögmannsstofa  
Jóhönnu  
Sigurjónsdóttur ehf.  
Skólavörðustíg 12  
101 Reykjavík  
Sími: 527-2200

**Skarphéðinn Pétursson hrl.**  
VERITAS lögmenn slf.  
Borgartúni 28, 3. hæð  
105 Reykjavík  
Sími: 571-5040

## NÝTT AÐSETUR

**Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir hdl.**  
Hamraborg 12  
200 Kópavogur  
Sími: 566-7167

**Sigurður Sigurjónsson hrl.**  
Lögfræðiþjónusta  
Sigurðar  
Sigurjónssonar hrl. ehf.  
Skeifunni 11a  
108 Reykjavík  
Sími: 550-4500

**Lögmannsstofa Þóris Skarphéðinssonar slf**  
Höfðatorgi  
105 Reykjavík  
Sími: 499-0574



# VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



**TCM INNHEIMTA**  
SUDURLANDSBRAUT 4A  
108 REYKJAVÍK  
[www.tcm.is](http://www.tcm.is)